



# **Íslamsfóbía**

Birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum

Ásdís Sigtryggisdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Íslamsfóbía**  
*Birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum*

Ásdís Sigtryggisdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Kristín Loftsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina  
á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Ásdís Sigtryggisdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um hugtakið „íslamsfóbíu“ og ímyndir og birtingarmyndir múslima á Vesturlöndum. Fjallað er um hugtakið útfrá kenningum Edwards Said um orientalisma og þá aðgreiningu á milli menningarheimanna sem það felur í sér, sem og það valdamisvægi sem hefur þróast á milli austurs og vesturs. Ímyndir og birtingarmyndir múslima á Vesturlöndum eru skoðaðar og fjallað er um þau þrástef sem finna má í orðræðunni á Vesturlöndum. Fjallað er um hlutverk fjölmiðla í ímyndarsköpun múslima og íslam. Einnig eru teknar fyrir rannsóknir sem gerðar hafa verið á umfjöllun fjölmiðla um múslima og þær skoðaðar og greindar. Að lokum eru áhrif hryðjuverkaárásanna á Tvíburaturnana í september 2001 skoðuð. Þá verða afleiðingar árásanna á almennt líf múslima á Vesturlöndum, birtingarmyndir og ímyndir þeirra sem og áhrif þeirra á almenningsálitið í hinum vestræna heimi athuguð.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
1 Kenningar.....	9
2 Birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum .....	12
2.1 Einsleitur hópur .....	13
2.2 Kúgun kvenna.....	14
2.3 Vanþróun og framandleiki .....	16
2.4 Ofbeldi.....	17
3 Hlutverk fjölmiðla í sköpun ímynda múslima .....	20
4 11. september 2001 og stríðið gegn hryðjuverkum - áhrif og eftirleikur.....	31
Lokaorð.....	36
Heimildaskrá .....	38

## Inngangur

Hnattvæðing hefur aukist til muna á síðustu árum og áratugum. Hröð framþróun hefur orðið á sviði samskiptatækni á seinni tímum og samgöngur milli heimshluta eru orðnar hraðvirkar og greiðar. Auðvelt er að ferðast á milli landa hafi menn til þess vilja og fjármagn og getur fólk sem að býr sitt hvoru megin á hnettinum talað saman í gegnum internet, gervihnetti eða síma án mikilla vandkvæða. Hnattvæðing og þau samskipti og samtenging sem hugtakið felur í sér eru þó ekki endilega nýtt af nálinni. Hreyfanleiki fólks milli landa og heimshluta hefur verið hluti af samfélagi fólks í langan tíma og hafa samskipti milli ólíkra landa og ólíkra menningarhópa tíðkast lengi. Aðstæður hafa þó breyst hratt á síðari árum og má til dæmis benda á skilgreiningu Ina og Rosaldo (2008) á hnattvæðingarhugtakinu því til stuðnings en samkvæmt henni er hnattvæðing efling eða styrking á hnattrænni samtengingu (Ina & Rosaldo, 2008:7). Skilgreiningin vísar til þess að þessi samtenging sé ekki nýtt fyrirbæri, heldur hafi hún einungis aukist eða styrkst á seinni tímum. Fólksflutningar og hreyfanleiki hópa eru eitt af einkennum hnattvæðingarinnar og hafa fólksflutningar aukist mikið á seinni árum og væri hægt að færa rök fyrir því að fjölmeningarsamfélög nútímans séu afsprengi hennar (Janicki, 2010:43). Í fjölmeningarsamfélögum kemur saman fólk víðsvegar að úr heiminum til þess að nema, flýja átök, ofsóknir eða fátækt, starfa, leita að betri lífskjörum, vera með fjölskyldu sinni svo dæmi séu tekin. Múslimar eru hluti af þessum fjölmeningarsamfélögum og hafa þeir sem hópur verið mikið í umræðunni, bæði á meðal almennings og í fjölmiðlum. Fréttaflutningur og umræða um íslam, múslima eða araba er oft á tíðum mjög neikvæð og hefur því verið haldið fram að það sé svo vegna svokallaðrar „Islamophobiu“ á Vesturlöndum en neikvæð umræða um hópinn getur einnig leitt til slíkra viðhorfa.

Fyrst er vitað um enska orðið „Islamophobia“ á prenti árið 1991 en merking orðsins er ótti eða hatur á íslam sem leiðir til ótta eða fordóma gagnvart múslimum (Sheridan, 2006:317). Íslensk útgáfa af orðinu hefur ekki ratað í orðabækur og mun ég því nota orðið „íslamsfóbía“ hér eftir. Þrátt fyrir að orðið sjálft sé ungt þá hafa samskipti vestursins við austrið lengi verið lituð af valdamisvægi og bera til dæmis krossferðirnar og nýlendutímarnir þess vitni. Bent hefur verið á að orðið sjálft sé kannski óheppilegt, þar sem fjandskapurinn sem um er rætt, beinist ekki alltaf gegn íslam sem trú, heldur frekar þeim sem hana iðka og þeim sem eiga rætur að rekja til landa þar sem að hún er algeng. Orðið vísar líka til kvíðaröskunar sem á ekki við þegar að íslamsfóbía er í umræðunni. (Commission on British Muslims and Islamophobia, 2004:9). Önnur orð svo sem „anti-Muslimism“ og „Muslimophobia“ hafa verið notuð en greinileg þörf hefur verið í fræðasamfélaginu á að greina á milli

almennt kynþáttafordóma eða rasisma og þeirra fordóma sem múslimar mæta, enda spilar kynþáttur ekki endilega aðalhlutverkið í því tilliti, þar sem múslimar eru mjög fjölbreytilegur hópur. Menningarfordómar (e. culturalism) eiga því kannski frekar við, þegar talað er um íslamsfóbíu (Zebiri, 2008:11-13). Hugtakið íslamsfóbía hefur þó unnið sér sess á seinustu árum, þrátt fyrir að orðið sjálft hafi verið umdeilt.

Burtséð frá deilum um hugtakanotkun er íslamsfóbía mikilvægt málefni sem þarfnast aukinnar umfjöllunar. Ýmislegt bendir til þess að íslamsfóbía eða einhverskonar fordómar gagnvart íslam og múslimum fari vaxandi í samfélaginu (Jaques, 2006:1) Hana má sjá í birtingarmyndum múslima og íslam í almennri umræðu sem og umræðu fjölmiðla, í aukningu á hatursglæpum og neikvæðri orðræðu og staðalímyndum í garð hópsins. Múslimar búa margir hverjir við lakari kjör en aðrir borgarar í vestrænum ríkjum. Múslimar vinna oft lágláunastörf, atvinnuleysi er oft mun hærra meðal þeirra en almennt er í vestrænum löndum, húsnæðisaðstæður múslima eru verri og er námsárangur múslimskra barna oft á tíðum mun lakari en vestrænna jafnaldrar þeirra (EUMC, 2006:108).

Umfjöllun um múslima í fjölmiðlum virðist vera að mestu leyti neikvæð og styðja greiningar sem gerðar hafa verið á fjölmiðlum víða um heim þá hugmynd, svo sem greiningar Elizabeth Poole (2002) á umfjöllum breskra dagblaða um múslima og íslam. Atburðir eins og heiðursmorð, sjálfsmorðsprengingar, kúgun kvenna og ofbeldi fá mikla umfjöllun og má oft sjá fjölmiðla tengja þessa hluti við trúarbrögð eða uppruna þeirra sem hlut eiga að máli. Öðruvísi virðist vera farið með umfjöllun um svipuð mál þar sem að gerandinn er af vestrænum uppruna. Neikvæðar birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum virðast hafa fest sig í sessi. Fjölmiðlaumfjöllun um hópinn er í mörgum tilfellum neikvæð og ekki eru gerðar miklar athugasemdir við gagnrýnislausu umfjöllun fjölmiðla um múslima og íslam. Það er viðtekið bæði á hægri og vinstri væng stjórnmalanna að hafa slíkar skoðanir. Vinstri sinnaðir femínistar gagnrýna íslam og múslima fyrir það sem þeir álíta vera kúgun kvenna en því hefur til dæmis verið haldið fram að múslimskir karlmenn kúgi konur sínar með því að þvinga þær til að klæðast á ákveðinn hátt. Hægri menn gagnrýna svo til dæmis oft það sem þeir telja vera of mikið frjálslýndi í innflytjendastefnum vestrænna landa og halda því fram að slíkt frjálslýndi auki á þá ógn sem þeir telja múslima vera vestrænu samfélagi.

Hér á eftir mun ég skoða birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum og þátt fjölmiðla í þeirri ímyndarsköpum. Ég mun hafa kenningar Said um orientalisma til hliðsjónar en kenningar Said snúast um þá miklu aðgreiningu sem gerð er á milli austurs og vesturs og þá framandgervingu sem fólk, sem á rætur að rekja til austursins, verður fyrir af þeim sökum. Hann skoðar málín í sögulegu samhengi en samkvæmt honum hefur valdamisvægi litað

samskipti þessara tveggja heimshluta um aldir, á kostnað Austurlanda. Said sækir einnig mikið í kenningar Michel Foucault um orðræðu og sköpun hennar. Foucault hélt því fram að ríkjandi orðræða í samfélaginu skapaði þann félagslega veruleika sem við búum við. Ekkert getur lifað utan orðræðunnar og því hafa þeir sem stjórna og móta orðræðuna mikið vald. Út frá því sjónarhorni heldur Said því fram að Vesturlönd hafi stjórnað og jafnvel skapað austrið sem einhverskonar hugmyndafræðilega heild sem er Vesturlöndum óæðri á einhvern hátt. Með því að beita kenningum þeirra á málefnið ætla ég að sýna fram á hversu mikil áhrif umfjöllun fjölmiðla hefur á ímynd múslima og íslam og hvernig sú umfjöllun mótar þar af leiðandi almenningsálitið.

Því hefur verið haldið fram að einhverskonar ótti eða fordómar gagnvart austrinu hafi verið til staðar um aldir en slíkar hugmyndir má meðal annars sjá í verkum fræðimanna, svo sem í bókinni *Orientalism* (1978) eftir Edward Said sem og í skýrslum sem að *Runnymede Trust* (1997) og *Commission on British Muslims and Islamophobia* (2004) hafa gefið út um málefni múslima og íslamsfóbíu. Skilgreining Said á hugtakinu „orientalism“ eða orientalism í íslensku, er reyndar mjög margslungin, en samkvæmt almennustu skilgreiningunni sem hann setur fram, þýðir hugtakið að gerð er þekkingar- og verufræðileg aðgreining á milli austurs og vesturs (Said, 2003:2). Þrátt fyrir að aukin hnattvæðing hafi leitt til aukinna fólksflutninga og jafnvel þess að landamæri hafi orðið óskýrari, þá virðist skilgreiningin milli þessara tveggja menningarheima, á milli austursins og vestursins, vera mjög skýr. Fréttáflutningur, stjórn málaumræða og almenn orðræða í samfélaginu virðist bera þess greinileg vitni. Fréttir eins og þær að norsk yfirvöld vilji að innflytjendur frá löndum utan Evrópu beri sérstök skilríki<sup>1</sup>, eða kosningarherferð Austurríska frelsisflokkans þar sem talað er um að verja þurfi Evrópu frá utanaðkomandi áhrifum, svo sem aðild Tyrkja að ESB eða auknum fólksflutningum frá Asíu og Afríku, styðja þá skoðun, þar sem þær bera með sér sterka aðgreiningu á milli „okkar“ og „hinna“ (Bunzl, 2005:505-506). Þessi aðgreining og tvískipting rímar mjög vel við kenningar Said en þær verða skoðaðar nánar hér á eftir. Aðgreiningin þarf heldur ekki endilega að byggja á grunni þjóðríkja, heldur frekar hugmyndarinnar um Evrópu sem einhverskonar menningarlegrar einingar, í því samhengi hefur Matti Bunzl bent á þeir sem að hafi íslamsfóbískar skoðanir séu ekki endilega með áhyggjur af því hvort að múslimar geti orðið góðir Danir, Þjóðverjar eða Ítalir, heldur efist

---

<sup>1</sup> [http://mbl.is/frettir/erlent/2012/02/04/innflytjendur\\_beri\\_serstok\\_skirteini/](http://mbl.is/frettir/erlent/2012/02/04/innflytjendur_beri_serstok_skirteini/)



þeir frekar um hvort að hópurinn geti orðið að góðum „Evrópubúum“ (Bunzl, 2005:502). Þannig er aðgreiningin milli heimanna tveggja orðin mjög skýr en í slíkri umræðu er oft talað um Evrópu og hin vestræna heim sem einsleita heild og múslima, hvaðan sem þeir eru eða hvar sem þeir búa, sem aðra einsleita heild. Þessum tveimur heimshlutum er svo oft stillt upp sem einhverskonar andstæðum.

Mikil umræða hefur verið um samband íslams og vestursins, hvort sem um ræðir sambönd múslimskra landa við önnur lönd eða samskipti múslima við aðra borgara vestrænna ríkja. Í þeirri umræðu hafa þeir þættir sem snúa að múslimum og samskiptum þeirra við aðra, sem og aðstæðum þeirra, verið einfaldaðir mikið. Ítrekað er fjallað um múslima líkt og þeir séu allir hryðjuverkamenn, eða að allir hryðjuverkamenn séu múslimar og að múslimar séu einhverskonar ógn við hinn vestræna heim (Halliday, 1999: 892). Umfjöllun og hugmyndir af þessum toga um múslima gefa vísbendingu um þá ímynd sem múslimar hafa á Vesturlöndum. Frank Halliday bendir einnig á þátt fjölmiðla í þessari ímyndarsköpun en umfjöllun fjölmiðla virðist að mörgu leyti festa staðalímyndir í sessi. Skýrslur sem gefnar hafa verið út, til dæmis af Runnymede Trust og eftir Wilton Park ráðstefnuna, benda einnig á hlutverk fjölmiðla og mikilvægi þess (1999:893). Hryðjuverkaárásirnar á Tvíburaturnana í New York 11. september 2001 hafa svo enn frekar styrkt neikvæða ímynd múslima í heiminum en árásum sem beindust sérstaklega gegn múslimum fjölgaði mjög í kjölfar árásanna (Bunzl, 2005:502). Eftir árásirnar fóru bandarísk yfirvöld svo í stríð gegn hryðjuverkum og réðust inní Afganistan og Írak ásamt herafla annarra þjóða. Fréttaflutningur og umræða um átökin ýttu undir þá neikvæðu ímynd sem upp hafði verið dregin af múslimum og má í því tillit til dæmis skoða ræður Lauru Bush þar sem að hún réttlætir innrásina í Afganistan með því að með henni væri verið að frelsa kúgaðar múslimskar konur (Abu-Lughod, 2002:784). Í orðum Lauru Bush birtist ein af best þekktu staðalímyndum um íslam, múslima eða araba: kúgaðar konur og múslimskir karlar sem kúgarar.

Í fyrsta kaflanum mun ég fara stuttlega yfir kenningar Edward Said um orientalisma og tengja þær við umfjöllun Michel Foucault um orðræðu og greiningu og sköpun hennar. Í öðrum kafla mun ég svo skoða birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum í víðara samhengi. Þar mun ég skoða staðalímyndir og þrástef í umræðunni um íslam og múslima í hinum vestræna heimi og greina hvaða birtingarmyndir eru algengastar. Í beinu framhaldi af því mun ég svo skoða umfjöllun fjölmiðla um múslima en ég tel að fjölmiðlar eigi stóran þátt í sköpum þeirrar neikvæðu ímyndar sem múslimar búa við í dag og styðja skrif fræðimanna þá skoðun. Fjölmiðlar eiga stóran þátt í að móta og skapa orðræðu og hafa þannig bein áhrif á almenningssálit og hugmyndir almenninga. Að lokum mun ég svo skoða hvernig

hryðjuverkaárásirnar sem gerðar voru 11. september 2001 höfðu áhrif á líf múslima. Þeir atburðir höfðu gífurleg áhrif, bæði á líf múslima og annarra borgara á Vesturlöndum sem og á þær ímyndir og birtingarmyndir múslima sem finna má þar.

Fjölmiðlar hafa mikið vald og miklar skyldur. Hlutverk þeirra á að vera að upplýsa og fræða almenning og hafa rannsóknir sýnt að stór hluti almennings sækir upplýsingar sínar til fjölmiðla. Þeir eiga þar af leiðandi stóran þátt í ímyndarsköpun sem og sköpun og viðhaldi staðalímynda. Því er nauðsynlegt að skoða birtingarmyndir og ímyndir múslima sem og hlutverk fjölmiðla í sköpun þeirra.

## 1 Kenningar

Kenningar palestínsk-ameríska fræðimannsins Edward Said um orientalisma hafa haft mikil áhrif frá því að bók hans með sama nafni kom fyrst út árið 1978. Íslamsfóbía er hugtak sem er í raun mjög skylt orientalisma og telja margir að erfitt sé að skoða íslamsfóbíu án þess að hafa kenningar Said um orientalisma til hliðsjónar. Hugtakið orientalismi hefur kannski mest verið notað í tengingu við hið akademíska og fræðilega, sem og listir og bókmenntir á meðan hugtakið íslamsfóbía hefur frekar verið notað í tengslum við alþýðumenningu (e. popular culture), þar meðtalda fjölmiðla (Zebiri, 2008:5). Hugtökin eru þó bæði mikilvæg þegar fjallað er um þessi mál, þrátt fyrir skyldleika þeirra og má segja að íslamsfóbía sé nýrra hugtak sem á ef til vill rætur að rekja að einhverju leyti til orientalisma.

Said heldur því fram að margar skilgreiningar séu til á orientalisma en það sem er kannski auðveldast að skilgreina er, að hans mati, svokallaður akademískur orientalismi. Samkvæmt Said er hver sá fræðimaður sem að kennir, skrifar eða rannsakar austrið (e. the orient), hvort sem að það er á sérhæfðan eða almennan máta, sama hvort að sá hinn sami sé mannfræðingur, félagsfræðingur, sagnfræðingur eða textafræðingur, þá er hann orientalisti og verk hans orientalismi. Almennari skilgreining á hugtakinu er að orientalismi sé hugsana-gangur þar sem skýr aðgreining, bæði þekkingar- og verufræðileg, er gerð á milli austursins og vestursins, okkar og þeirra (Said, 2003:2). Said heldur því fram orientalisminn hafi í raun orðið til í lok 18. aldar en síðan þá, er samkvæmt honum, hægt að ræða um og greina orientalismann sem einhverskonar sameiginlega eða alls ráðandi hugmyndfræði (e. corporate institution) sem fjallar um eða meðhöndlar austrið. Þessi umfjöllun eða meðhöndlun fer þannig fram að settar eru fram yfirlýsingar um austrið og ákveðin sýn á það verður leyfileg eða viðtekin. Þannig er austrinu lýst á ákveðinn hátt, land numið þar, því stjórnað og það kennt á ákveðinn hátt. Said segir að í stuttu máli megi segja að orientalismi sé leið vestursins

til að drottna, endurbyggja eða hafa yfirráð yfir austrinu (Said, 2003:3). Kristín Loftsdóttir hefur bent á að þrátt fyrir að hin eiginlega merking hugtaksins vísi til ímynda austursins, þá sé hugtakið í dag notað á mun fjölbreyttari hátt og í breiðari samhengi til þess að vísa til framsetningar og afmörkunar ákveðinna hópa, sérstaklega í vestrænum miðlum (Kristín Loftsdóttir, 2003:75). Þessi skrif Kristínar ríma mjög vel við þær hugmyndir sem settar verða fram hér á eftir.

Said vitnar einnig í ítalska fræðimanninn Antonio Gramsci og hugmyndir hans um forræði (e. hegemony) en forræði, í því samhengi, vísar til ráðandi hugmyndafræði þeirra er völdin hafa í samfélaginu. Þrátt fyrir að ekki væri um alræðissamfélag að ræða, þá samþykkti fólk þessa hugmyndafræði og varð hún því að menningarlegu forræði. Said heldur því fram að rekja megi úthald og langlífi orientalismans til þessa menningarlega forræðis og vitnar í Denys Hays máli sínu til stuðnings. Hays fjallar um „hugmyndina um Evrópu“ en með því á hann við að Evrópubúar samsami sig hverjum öðrum og aðgreini sig frá öllum sem ekki eru Evrópubúar og þannig verði svæðið til sem einhverskonar hugmyndafræðileg heild. Hann heldur því fram að sú hugmynd hafi fest sig í sessi að evrópsk menning sé á einhvern hátt æðri öðrum menningum og menningarhópum og það hafi gefið menningunni þetta forræði, bæði innan álfunnar og utan hennar. Forræði hugmyndafræði Evrópumanna um austrið festir í sessi yfirburði Evrópu yfir „vanþróun“ eða „haldssemi“ austursins og er því hluti af orientalsmanum. Þessi hugmyndafræði og forræði hefur áhrif á öll sambönd milli austurs og vesturs og verður því nauðsynlegur hluti af orientalsmanum en hugmyndafræðin reiðir sig á valdasamband þar sem að vestrið hefur einatt yfirhöndina (Said, 2003:7). Samiei bendir á að margt hafi breyst síðan að Said kynnti kenningar sínar um orientalsma en að hugtakið eigi þó enn rétt á sér á margan hátt. Hann vill þó meina að tala þurfi um „neo-orientalsma“ í stað hefðbundins orientalsma til að viðurkenna þær breytingar sem hafa átt sér stað í heiminum á undanförunum þremur áratugum. Hann bendir á að staða íslam hafi breyst verulega síðan 1978 og að sú staða sé að mörgu leyti sterkari og betri en hún var. Samt sem áður hafa hlutir líkt og mál Salman Rushdie, átök milli Palestínuranna og Ísraels og hryðjuverk framin í nafni íslam, svo sem árásirnar á Tvíburaturnana, haft mikil áhrif á stöðu íslam sem og stöðu vestursins í tengingu við það. Sú tvíhyggja sem að skilgreindi vestrið frá austrinu og íslam er enn til staðar. Tvíhyggjan og aðgreining hafa ekki horfið, heldur hafa þessir hlutir breyst og aðlagast að breyttri og hnattvæddri heimsmynd (Samiei, 2010:1148).

Said byggir talsvert á kenningum Michel Foucault um orðræðu en samkvæmt Said er ekki hægt að skilja hvernig Evrópumenn náðu yfirráðum yfir austrinu án þess að skoða hugmyndafræðina sem orðræðu. Said heldur því jafnframt fram að Evrópumenn hafi ekki

einungis náð yfirráðum yfir austrinu, heldur hafi þeir jafnvel búið austrið til á einhvern hátt; pólitískt, félagslega, hernaðarlega, hugmyndafræðilega, vísindalega og ímyndarlega í kjölfar upplýsingarinnar (Said, 2003:3). Said bendir einnig á að austrið sé ekki til sem einhverskonar náttúruleg eining, aðskilin frá öðrum svæðum heimsins, ekki frekar en Vesturlönd eru það, heldur eru þau sköpuð hugmyndafræðilega af mönnum (Said: 2003:5). Said bendir þó einnig á að þrátt fyrir að þessi landamæri á milli austurs og vesturs séu tilbúin en ekki náttúruleg, þá sé formgerð orientalismans meira en einhverskonar mýtur eða lygar, sem myndu hverfa, kæmi sannleikurinn í ljós. Orientalisminn vitnar frekar um vald vestursins yfir austrinu (Said, 2003:6). Hugmyndir Michel Foucault um orðræðu og hlutverk hennar í samfélaginu hafa verið mjög áhrifamiklar og hafa mikið verið notaðar í kenningar annarra fræðimanna, þar á meðal Said. Í bók sinni *The Archeology of Knowledge* segir Foucault að orðræðan móti kerfisbundið þá hluti sem hún ræði um. Orðræða er vissulega búin til af einhverskonar meiningum en með ákveðinni orðræðu er gert meira heldur en nota þessa meiningu til þess að tákna ákveðinn hlut og það er þetta „meira“ sem að gerir það að verkum að ekki er hægt að smætta orðræðu niður í tungumál eða umræðu og því er það þetta „meira“ sem þarf að greina eða lýsa með orðræðugreiningunni (Foucault, 2002 [1969]: 54).

Dave Elder-Vass hefur líka bent á að þrátt fyrir að greining orðræðu sem slík sé mikilvægt tæki, þá sé hún ekki einungis ómaksins verð í því samhengi heldur sé slík greining líka gagnleg sem hluti af stærrri verkefnum, svo sem þróun aðferðafræði og sköpun nýrra kenninga. Þegar að orðræðan og orsakavald hennar er skoðað, þá verður sá sem að slíkt gerir, hæfari til að sjá og athuga hvort og á hvaða hátt orðræðan skapar hinn félagslega veruleika (Elder-Vass, 2010:145). Því er orðræðugreining mikilvægt og hagnýtt tæki í hverskyns rannsóknum og athugunum á hinni félagslegu veröld.

Kristín Björnsdóttir hefur einnig fjallað um Foucault og kenningar hans um orðræðu og orðræðugreiningu. Hún bendir á að Foucault hafi skilgreint hugtakið á ólíkan máta í verkum sínum en grunnhugmyndin hafi þó verið sú að orðræða sé eitthvað sem að mótar, býr til og skapar. Orðræðan mótar því það sem við segjum sem og hvernig við segjum það og er erfitt að sjá hvernig hlutir geta „lifað“ utan orðræðunnar, þar sem að orðræðan skapar og mótar hugmyndir okkar. Kristín tekur sem dæmi hugmyndina um þjóð en hún bendir á að „þjóð“ sem slík sé í raun ekki til, nema til sé orðræða sem skilgreinir hvað felist í hugtakinu (2003:240).

Þegar að orðræða er greind beinist athygli greinanda að því hvernig viðkomandi tjáir sig, hvort sem það er með skrifuðu eða töluðu máli eða á annan hátt, svo sem með látbragði eða myndefni. Ekki er leitast við að lýsa persónulegri upplifun eða skynjun viðkomandi

heldur er frekar lögð áhersla á að skoða hvernig hlutirnir eru settir fram og hvernig ákveðin fyrirbæri verða til í frásögn eða umræðu (Kristín Björnsdóttir, 2003:242). Said hefur einnig bent á að þegar að texti gefur til kynna að hann innihaldi einhverskonar marktæka þekkingu eða vitneskju þá er ekki auðvelt að hafna honum eða þeirri þekkingu sem hann gefur til kynna að hann innihaldi, eða stimpla hana sem lítilvæga. Vald fræðimanna, stofnana og stjórnvalda getur safnast upp í kringum þessa þekkingu og getur því þannig gefið henni meiri virðingu heldur en efni hennar eða velgengni gefur tilefni til. Slíkir textar búa ekki einungis til þekkingu, heldur skapa þeir einnig þann veruleika sem þeir virðast lýsa og með tímanum skapar þessi tilbúna vitneskja og veruleiki einhverskonar hefð: Orðræðuna (Said, 2003:94).

Þannig má segja að orðræðan hafi skapað austrið eða það sem að vestrið álítur vera austrið. Hugmyndir vestursins um austrið eru afkvæmi nýlendutímans og forræði Vesturlanda. Hugmyndir vestursins um eigið ágæti sem og um vanþróun austursins hafa mótað álit hins almenna borgara um austrið og endurspeglar almenn orðræða um austrið það. Fjölmiðlar hafa mótast af þessari orðræðu en einnig er hægt að halda því fram að þeir viðhaldi henni með miðlun sinni á því efni sem tengist austrinu, íslam eða múslimum á einhvern hátt. Líkt og ég mun sýna fram á í þessari ritgerð er íslamsfóbía er orðin viðurkennt vandamál í hinum vestræna heimi og er tenging þessa vandamáls við orientalismann og þá orðræðu sem viðhöfð er í samfélaginu, sterk.

## **2 Birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum**

Fjandskapur gegn íslam og múslimum hefur verið hluti af evrópskum samfélögum síðan á 8. öld. Þessi andstaða gegn múslimum og íslam hefur birst í mismunandi útgáfum og við ýmsar aðstæður, til dæmis var fjandskapurinn sem átti sér stað á Spáni á 15. öld ekki sá sami og fyrirfannst í krossferðunum. Það sama á við um þá andstöðu eða fjandskap sem múslimar fundu fyrir þegar að Ottóman heimsveldið var enn við lýði, eða þá óvináttu sem múslimar sem og aðrir fundu fyrir á nýlendutímanum (Commission on British Muslims and Islamophobia, 2004:7). Í krossferðunum voru framin fjöldamorð á múslimum, kristnir Spánverjar ráku múslima af landi brott eða neyddu þá til að taka upp kristna trú og myrtu þá ef þeir mótmæltu. Á nýlendutímanum voru múslimar, ásamt öðrum þegnum nýlendnanna, kúgaðir og litið niður á þá og þeir taldir óaðri. Sá fjandskapur eða andstaða sem múslimar mæta í dag er að mörgu leyti ólík þeim aðstæðum sem lýst er hér að framan, til dæmis er ekki hægt að halda því fram að stjórnvöld eða þjóðríki á Vesturlöndum standi að baki þeim

fjandskap með yfirlögðum og skipulögðum hætti, líkt og raunin var áður fyrr. Nú til dags er fjandskapur gagnvart múslimum helst með þeim hætti að veist er að þeim með svívirðingum og skömmum og jafnvel ofbeldi af einstaklingum og í sumum tilfellum einhverskonar öfgahópum. Einnig hefur verið ráðist á moskur og múslimska kirkjugarða. Neikvæðar staðalímyndir sem eru útbreiddar og venjubundnar í fjölmiðlum og í orðræðu almennings, mætti einnig flokka sem and-múslimskar eða sem fjandskap gegn múslimum. Það hefur orðið ásættanlegt að tala um múslima á hátt sem væri ekki ásættanlegur ef að um aðra minnihluta-hópa, svo sem gyðinga eða hörundsdökka, væri að ræða (Commission on British Muslims and Islamophobia, 2004:7)

Ákveðin tilhneiging virðist vera til þess að draga upp mynd af íslam í fjölmiðlum sem öfgafullri og ofbeldisfullri trú þar sem hendur eru höggvar af mönnum, konur eru kúgaðar og íslam er sett fram sem einhverskonar andstæða við hinn vestræna heim og þá hugmyndafræði sem að einkennir hann, sem er að mati vestursins: mannréttindi, frelsi og lýðræði (Hafez, 2000:4). Þrátt fyrir að einhverskonar íslamsfóbía hafi verið við lýði um langt skeið, þá virðist slíkum skoðunum hafa vaxið fiskur um hrygg og fengið aukið brautargengi. Hliðstæða þróun má í raun líka sjá í löndum þar sem að múslimar eru í meirihluta, það er að segja að þar má sjá vöxt einhverskonar and-vestrænna viðhorfa (Jaques, 2006:1). Flestir eru sammála um að meira jafnvægi þurfi í umfjöllun fjölmiðla um íslam og múslima og að umræðuna þurfi að bæta. Umfjöllunin virðist einskorðast við fréttaflutning af ofbeldi, átökum eða hamförum af einhverju tagi. Skoðanir hins almenna, hófsama múslima eru ekki fréttæfni en skoðanir múslimskra öfgamanna fá hinsvegar mikið pláss og mikla umfjöllun í fjölmiðlum, þrátt fyrir að sá hópur sé aðeins líttill hluti múslima (Jaques, 2003:8). Þegar umfjöllunin er þannig er auðvelt fyrir almenning að álykta að þær skoðanir múslima sem birtar eru í fjölmiðlum séu almennar og einkennandi fyrir hópinn sem heild og sú ímynd sem almenningur hefur af múslimum sé skekkt þess vegna. Ákveðin þrástef má finna þegar að birtingarmyndir og ímyndir múslima eru skoðaðar. Þar má meðal annars finna umræðu sem einkennist af því að um einsleitan hóp sé að ræða. Þar er einnig ítrekað fjallað um kúgun kvenna, einhverskonar vanþróun (e. backwardness) og framandleika (e. foreignness) og svo að lokum ofbeldi. Í þeim undirköflum sem hér koma á eftir verður farið nánar út í þessi þrástef í birtingarmyndum múslima á Vesturlöndum.

## **2.1 Einsleitur hópur**

Umfjöllun um múslima virðist oft gefa það kynna að um einsleitan og heildstæðan hóp sé að ræða. Múslimar í heiminum eru um það bil 1,57 milljarðar, eða 23% af íbúum jarðarinnar.

Um 300 milljónir þeirra, eða um fimmtingur allra múslima í heiminum býr í löndum þar sem þeir eru í minnihluta. Múslimar búa í öllum 5 heimsálfunum sem byggðar eru en 60% múslima í heiminum búa í Asíu og um 20% búa í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku en þar er hæsta hlutfall landa í heiminum þar sem að múslimar eru í meirihluta (Pew Research Center's Forum on Religion & Public Life, 2009:1). Af þessu má sjá að uppruni múslima er mjög fjölbreytilegur og má því ætla að menning þeirra sé það líka. Múslimar eru því ekki einsleitur hópur og er það í raun undarlegt að trú þeirra, sem er einnig margbreytileg, sé notuð sem samnefni fyrir jafn stóran hóp fólks. Einnig er áhugavert að sjá að það virðist vera ákveðið samasem merki á milli þess að vera múslimi og þess að vera arabi, þrátt fyrir aðeins um 20% múslima í heiminum myndu skilgreina sig sem araba. Arabar eru líka oft notaðir til þess að tákna múslima í fjölmiðlum, svo sem í kvikmyndum, skopmyndum og í dagblöðum (Gottschalk & Greenberg, 2008:69). Fræðimenn hafa líkt bent á að ekki sé hægt að útskýra eða greina atriði, líkt og stöðu kvenna í Mið-Austurlöndum, með því að setja á þau merkimiða líkt og „islam“ eða „íslömsk menning“, heldur þarf að taka tillit til þess að um mismunandi þjóðríki er að ræða og hafa þau mismunandi stefnur og margbreytilega sögu (Kristín Loftsdóttir, 2003:83). Fyrir marga Vesturlandabúa virðast Mið-Austurlönd vera einhverskonar táknmynd íslam, þrátt fyrir að fleiri múslimar búi austur af svæðinu heldur en á því og lítil skilningur virðist vera á þeim fjölbreytileika sem finnst innan hópsins sem og innan þeirra landa þar sem múslimar eru í meirihluta.

## **2.2 Kúgun kvenna**

Íslam virðist vekja upp myndir, í hugum Vesturlandabúa, af kúgun kvenna sem og alræðislegu ríkisvaldi, grimmum refsingum Shar'ia laga og ofbeldi. Þó halda margir því fram að slíkar hugmyndir um trúarbrögðin séu til komnar vegna skorts á upplýsingum, rangfærslum, afbökunum og staðalímyndum (Jaques, 2006:10). Kúgun kvenna er kannski eitt af því sem að oftast er fjallað um þegar málefni tengd múslimum eru rædd og neikvæðar staðalímyndir koma í ljós. Þar hafa einstaklingar og fræðimenn svo sem Hirsi Ali (*The Son Factory: About Women, Islam and Integration* (2002) *The Caged Virgin: An Emancipation Proclamation for Women and Islam* (2006)) og Irshad Manji (*The Trouble With Islam Today* (2004)) verið mikið í sviðsljósinu og hafa þær verið mjög gagnrýnar á íslam á opinberum vettvangi sem og á hinn íslamska heim og hefur gagnrýni þeirra og skoðanir fengið mikinn hljómgrunn og athygli. Þær hafa báðar mjög ákveðnar skoðanir á íslam og þá sérstaklega stöðu kvenna innan trúarbragðanna. Þær hafa gefið út talsvert af efni í hinum ýmsu myndum

sem hefur fengið mikla umfjöllun og lof í hinum vestræna heimi. Aðrir fræðimenn sem gagnrýnt hafa málflutning þeirra og afstöðu, hafa hinsvegar ekki fengið mikla athygli (Sheehi, 2011:107-109). Í skýrslu sem að eftirlitsnefnd ESB um rasisma og útlendingahatur - EUMC (e. European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia) gaf út árið 2006 er bent á að þrátt fyrir að kynjamisrétti og ofbeldi gegn konum sé vel þekkt vandamál innan allra aðildarríkja ESB, séu múslimskar konur enn umtalaðar og aðgreindar frá öðrum hópum sem einhverskonar staðalímyndir fyrir undirokun kvenna. Rót þessarar undirokunar er svo talin vera íslam en ekki ákveðnar menningarlegar hefðir sem leitast við að stjórna og kúga konur. Eitt helsta tákni múslimskra kvenna er höfuðklúturinn og er hann oft umræddur sem tákni mynd kynjamisréttis en þær margþættu menningarlegu víddir sem snúa að höfuðklútnum og notkun hans eru algjörlega hundsáðar (European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia [EUMC], 2006:39).

Einnig má benda á að bandarísk stjórnvöld notuðu það sem að þau skilgreindu sem kúgun kvenna til þess að réttlæta innrás sína í Afganistan, lög voru sett til þess að tryggja menntun og heilbrigðisþjónustu barna og kvenna og hélt George W. Bush því fram að eitt aðal markmið hryðjuverkamannanna væri að kúga konur og ekki einungis afganskar konur. Þannig var því haldið á lofti að með innrásinni í Afganistan og þeim vopnuðu átökum sem fylgdu í kjölfarið væri verið að hjálpa konum og börnum og að Bush stjórnin, væri einhverskonar verndari og frelsari kvenna og barna (Sheehi, 2011:111). Kvennhatur og mýtur um kúgun múslimskra kvenna eru einnig notaðar til þess að halda á lofti þeirri ímynd að samfélög múslima séu kúguð af „ævafornt trú“ sem birtist helst í fornfálegum klæðnaði múslimskra kvenna (Poole, 2002:45).

Þrátt fyrir að almenn, útbreidd og samhafð kvennabarátta hafi ekki átt sér stað í Mið-Austurlöndum, á nákvæmlega sama hátt og hún átti sér stað á Vesturlöndum á 20. öldinni, þá er ekki hægt að halda því fram að engin barátta fyrir réttindum kvenna hafi átt sér stað og allar konur á svæðinu séu því kúgaðar. Margar vel menntaðar, framtakssamar konur sem eru virkir þátttakendur í atvinnulífinu, finnast alls staðar í hinum múslimska heimi (Jaques, 2006:11). Barátta fyrir réttindum kvenna er vissulega til staðar í Mið-Austurlöndum sem og öðrum löndum þar sem að hlutfall múslimskra borgara er hátt og er sú barátta háð með mismunandi hætti á hverjum stað. Konur sitja til dæmis á þingi í Íran, kona gegndi embætti forseta Indónesíu í 4 ár, Benazir Bhutto gegndi starfi forsætisráðherra Pakistans í tvígang og svo mætti áfram telja.

Staða kvenna í Mið-Austurlöndum virðist vera dregin fram, ýkt og notuð til þess að réttlæta andstöðu við íslam, múslima og menningarheima í Mið-Austurlöndum, hún virðist



einnig vera notuð til þess að réttlæta hernaðaraðgerðir, innrás og vopnuð átök í lönd líkt og Afganistan. Þrátt fyrir allt er þó erfitt að horfa fram hjá því að það er víða pottur brotinn í málefnum kvenna í Mið-Austurlöndum, sem og á mörgum öðrum stöðum. Þau mál verður þó að skoða með menningarlega afstæðishyggju að leiðarljósi og án þess að þjóðhverf sýn á hvað er rétt og hvað rangt afvegaleiði umræðuna.

### 2.3 Vanþróun og framandleiki

Ákveðin tilhneiging virðist vera til þess að draga upp þá mynd af múslimum og samfélögum þeirra að þau séu vanþróuð og framandleg. Zebiri hefur bent á að svokallaður „pólitískur orientalsmi“ var útbreiddur á nýlendutímunum en með því á hún við að reynt var að sýna fram á að samfélög múslima væru frumstæð, órökrétt og vanþróuð til þess að réttlæta nýlenduvæðinguna. Þessi mynd var dregin upp af múslimskum samfélögum til þess að sýna fram á nauðsyn þess að „siðmennta“ og „upplýsa“ samfélögin, með innleiðingu „æðri“ menningar nýlenduveldanna. Þrátt fyrir nútímavæðinguna og þá upplýsingu sem hefur átt sér stað síðan þá, er staðan að mörgu leyti sú sama í dag. Mikil og ákøf umræða um mannréttindi er til dæmis oft í brennidepli, og sú umræða hefur byggt upp þá mynd af íslam að trúin sé kúgandi og undirokandi og umburðarlaus. Í þeirri umræðu koma upp svipuð þemu og voru viðtekin á nýlendutímunum, þá sérstaklega um harðstjórn og einhverskonar al- eða einræði (Zebiri, 2008:8-9).

Umræðan um umskurn kvenna í múslimskum samfélögum er dæmi um hvernig samfélögum múslima hefur verið lýst sem vanþróuðum og framandlegum og jafnvel villimannslegum. Umskurn kvenna hefur í raun og veru ekkert með íslam að gera en tíðkast þó í einhverjum samfélögum þar sem múslimar eru í meirihluta, það tíðkast einnig að umskera konur í ýmsum öðrum samfélögum, sem hafa enga tengingu við múslima eða íslam. Fjölmiðlar hafa fjallað um þessi mál og jafnvel farið með rangt mál þar sem að því er haldið fram að múslimskir klerkar neyði kristnar konur til þess að skipta um trú og gangast undir umskurn, þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á að slíkt hafi ekki átt sér stað (Kabir, 2006:314-315).

Elizabeth Poole hefur bent á að samfélögum múslima sé lýst sem vanþróuðum og gamaldags. Hún vitnar í skrif Reinard Schulze um málið en þar bendir hann á að þrátt fyrir að íslömsk samfélög hafi ekki þróast á nákvæmlega sama hátt og vestræn samfélög, þá þýði það ekki að þau séu vanþróuð, heldur sé nútímavæðing (e. modernity) þeirra einungis frábrugðin þeirri vestrænu. Þrátt fyrir að þau deili ákveðnum almennum einkennum nútíma-

væðingarinnar, þá sé hún frábrugðin hinni vestrænu nútímavæðingu þar sem að samfélögin hafi mótast í gegnum tíðina af íslamskri menningu og hefðum. Lila Abu-Lughod hefur einnig fjallað um nútímavæðingu í Mið-Austurlöndum og bendir hún á að múslimar í dag séu oft brennimerktir sem gamaldags eða íhaldssamir af andstæðingum þeirra. Sumir hópar múslima, samkvæmt Abu-Lughod, reyna að kalla fram fortíðina og fordæma opinberlega sumar gerðir nútímavæðingar. Þrátt fyrir það eru þessir hópar hluti af nútímavæðingunni en þeir, líkt og flestar aðrar félagslegar hreyfingar, eru einungis að reyna að berjast fyrir breytingum á félagslegum veruleika, fyrir annarskonar nútímavæðingu (Abu-Lughod, 1998:4). Því er ekki hægt að halda því fram að Mið-Austurlönd, eða önnur svæði þar sem að múslimar eru í meirihluta, séu vanþróuð, þrátt fyrir að sú þróun eða nútímavæðing sem þar hefur átt sér stað hafi verið öðruvísi en gerðist og gerist á Vesturlöndum. Að halda slíku fram festir einungis frekar í sessi oríentalismann sem hefur viðgengist svo lengi, sem og hið félagslega forræði sem Evrópa og Vesturlönd hafa yfir öðrum heimshlutum.

## 2.4 Ofbeldi

Ein af þekktustu ímyndum múslima á Vesturlöndum er tenging þeirra við ofbeldi og blandast hún oft öðrum neikvæðum birtingarmyndum hópsins, til dæmis kúgun kvenna og vanþróun. Hryðjuverk, sjálfsmorðárásir og refsingar við glæpum á einhverjum svæðum í Mið-Austurlöndum og annars staðar eru einnig dæmi um slíka umræðu, sem fær oft mikið pláss í fjölmiðlum. Í dagblöðum á Englandi hafa til dæmis birst greinar þess efnis að hælisleitendur af arabískum uppruna séu ógn við öryggi hins almenna borgara vegna eignarhalds eða notkunar á efna- og lífefnavopnum, að slíkir einstaklingar hafi gefið loforð um að hleypa sjálfsmorðsprengjumönnum inní landið og að „þeir“ reyni að fylla vestræn samfélög ótta og vilji trufla eðlilegt líf þeirra sem þar búa (Commission on British Muslims and Islamophobia, 2004:8). Útgefið efni líkt og „Why Islam is a Threat to America and the West“ gera einnig út á þessa birtingarmynd íslam og múslima en þar er því meðal annars haldið fram að íslam sé einfaldlega trú sem byggir á stríði. Kai Hafez hefur einnig bent á að fréttáflutningur af stjórnmálum í löndum þar sem múslimar eru í meirihluta einskorðist oft við á átök og hættur en fjalli sjaldnar um hluti líkt og samskipti íslamskra og vestrænna ríkja eða almenn stjórnmál (Hafez, 2000:6). Slík orðræða festir í sessi þá tengingu sem hefur myndast milli íslam eða múslima og ofbeldis.

Umfjöllun fjölmiðla um múslima hefur verið múslimum um allan heim áhyggjuefni. Hún hefur einnig vakið áhuga fræðimanna og á síðustu árum hefur verið gefinn út fjöldi rita

um málefnið þar sem fræðimenn reyna að skilja og útskýra hversvegna múslimar hafa svo neikvæða ímynd á Vesturlöndum. Því hefur verið haldið fram að hið „pólítíska íslam“ (e. Political Islam), sem þróaðist sem sjálfstæð eining út frá mismunandi aðstæðum, svo sem vegna kúgunar og vegna nýlendustefnunnar, hafi á einhvern hátt réttlætt fyrir hinum vestræna heimi þá ímynd sem íslam og múslimar hafa á Vesturlöndum. Þróun hins pólítíska íslams sem nýs valds hefur því gert það ásættanlegt að líta á íslam sem nýjan óvin – þar er komið nýtt hnattrænt afl sem hefur aðra hugmyndafræði og jafnvel áþreifanlegt afl sem getur ógnað því forræði sem vestrið hefur haft. Fjölmíðlar hafa svo verið verkfæri og talsmenn þeirrar hugmyndafræði sem er viðtekin hjá almenningi, þar hefur sú mynd verið dregin upp af íslam að hún sé ógn við vestræna hagsmuni. Þannig hefur tekist að skapa og viðhalda þeirri hugmyndafræði sem er nauðsynleg til þess að undiroka múslima bæði á alþjóðlegum vettvangi sem og heima fyrir (Poole, 2002:17).

Bent hefur verið á að umræða um múslima og málefni þeim tengd hefur breyst eða þróast á mjög ákveðinn hátt eftir árásirnar á Tvíburaturnana. Nánar verður fjallað um áhrif þeirra árása á líf og málefni múslima um heim allan síðar í þessari ritgerð en þó verður að huga að þeim að einhverju leyti þegar að birtingarmyndir múslima í nútímasamfélagi eru skoðaðar. Eftir árásirnar hefur umræðan afmarkast á þann hátt að orientáliskur hugsana-gangur hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Sem dæmi um slíkt mætti til dæmis taka þau mótmæli sem áttu sér stað vegna skopmyndanna sem birtust af Múhammed spámanni í danska blaðinu Jyllands Posten árið 2006. Þar voru múslimar átaldir fyrir að virða ekki málfrelsi og vestræn gildi en ekki var talað um hvað þessi myndbirting þýddi eða afhverju hún var móðgandi við múslima. Vestrið birtist sem kyndilberi lýðræðis og upplýsingar og „hinum múslimska heimi“ var stillt upp sem vanþróuðum, aftuhaldssömum, umburðarlausum og þröngsýnum (Kumar, 2010:255). Markus Meckl hefur einnig fjallað um þetta tiltekna mál en samkvæmt honum birti Jyllands-Posten skopmyndirnar til að hvetja til umræðu um hvort gagnrýna mætti íslamstrú. Skopmyndunum fylgdi grein þar sem að ritstjóri blaðsins, Flemming Rose, hélt því fram að ef múslimar krefðust þess að tekið yrði tillit til trúar þeirra, þá væru þeir í raun að hafna veraldlegu samfélagi nútímans og krefjast einhverskonar sérmeðferðar en það væri ósamrýmanlegt tjáningarfrelsinu sem væri við lýði í vestrænum lýðræðisríkjum (Meckl, 2008:123-124). Birting skopmyndanna vatt svo talsvert upp á sig og varð hún á endanum einhverskonar táknmynd fyrir lýðræði og frelsi á Vesturlöndum í mótvægi við afturhald og vanþróun austursins en ekki var tekið tillit til þess hversvegna myndbirtingin var móðgandi eða særandi fyrir múslima eða reynt að setja sig í þeirra spor. Meckl bendir líka á það umhverfi sem myndbirtingin á sér stað í. Danir voru í hópi hinna

viljugu þjóða sem réðust inní Írak og Afganistan og eins og Meckl bendir á, hefur hlutverk skopmynda í landi sem að tekur þátt í hernaði yfirleitt verið að telja almenningi trú um að stríðið sé réttlæt看legt, barist sé fyrir verðugum málstað og reynt er að draga upp neikvæða mynd af þeim er barist er gegn. Með birtingunni og þeim átökum og umræðum sem sköpuðust eftir hana eru færðar sönnur fyrir því hversu „afturhaldssamur“ og „illa upplýstur“ hinn arabíska heimur er og stríðið og átökin þannig gerð réttmæt og lögmæt (Meckl, 2008:134).

Svipað viðmót var uppi á teningnum þegar að fyrirtæki frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum tók yfir stjórn sex bandarískra hafna af bresku fyrirtæki árið 2006. Það kallaði fram hörð viðbrögð meðal Bandaríkjamanna en þá snérist umræðan um að ekki væri hægt að treysta „þeim“ þ.e. einstaklingum frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum fyrir öryggi „okkar“ og hafnanna „okkar“. Það var nóg að vera múslimi og eiga uppruna sem rekja mátti til Mið-Austurlanda til þess að vera grunsamlegur. Þannig varð einhverskonar endurvakning á gildum orientalista og sá hugsanagangur varð enn á ný viðtekinn og leyfilegur í samfélaginu (Kumar, 2010:255).

Birtingarmyndir múslima í nútíma vestrænu samfélagi eru að mörgu leyti í takt við kenningar Said. Mikil aðgreining virðist eiga sér stað á milli austursins og vestursins og er þessum tveimur „menningarheimum“ oft stillt upp í vestrænni orðræðu sem einhvers konar andstæðum. Þar er vestrið hið góða og lýðræðislega á meðan austrið er dregið upp sem slæmt og ólýðræðislegt. Gildi vestursins eru þau einu réttu á meðan þau gildi og þær hefðir sem eiga rætur að rekja til austursins bera einungis vott um vanþróun, afturhaldssemi og þröngsýni. Orðræðan sjálf skapar og viðurheldur þessari tvíhyggju og aðgreingu þar sem ítrekað er talað um „okkur“ gegn „þeim“ og múslimar og austrið er aðrað (e. othered) verulega í almennri orðræðu.

Birtingarmyndir og ímyndir múslima á Vesturlöndum eru litaðar af samskiptum Vesturlanda við austrið í gegnum tíðina, sem voru og eru jafnvel enn lituð af orientáliskum hugsunarhætti. Birtingarmyndirnar eru að mestu leyti neikvæðar og ímynd múslima virðist ekki vera góð. Vísast eru margþættar ástæður að baki en gera má ráð fyrir að fjölmiðlar og umfjöllun þeirra um málefnið eigi þátt í þeirri neikvæðu mynd sem ítrekað er dregin upp af múslimum og íslam á Vesturlöndum. Fjölmiðlar hafa mikið vald og gegna mikilvægum skyldum í lýðræðissamfélaginu. Því er nauðsynlegt að skoða umfjöllun þeirra í samhengi við birtingarmyndir og ímyndir múslima, þar sem ljóst er að fjölmiðlar eiga þátt í sköpun þeirra.

### 3 Hlutverk fjölmiðla í sköpun ímynda múslima

Hér að framan var fjallað um birtingarmyndir og ímyndir múslima og þau þrástef sem einkenna þær. Það er nauðsynlegt að skoða hvernig þær ímyndir verða til og eru margir fræðimenn sammála um að fjölmiðlar hafi gegnt mikilvægu hlutverki í því samhengi, líkt og sýnt verður fram á hér á eftir. Því þarf að skoða fjölmiðlaumfjöllun um málefni múslima og íslam og greina hvaða hlutverki sú umfjöllun hefur gegnt í sköpun ímynda hópsins. Í þessum kafla verður því hlutverk fjölmiðla skoðað og umfjöllun um múslima í vestrænum miðlum greind. Verk Edward Said (1981) og Elizabeth Poole (2002) verða í forgrunni í þeirri umfjöllun en þau hafa bæði skrifað mikið um ímyndir múslima og hlutverk fjölmiðla í sköpun þeirra.

Oft er talað um að fjölmiðlar séu fjórða valdið og gegna þeir ákveðnu hlutverki sem slíkt. Þeir eiga að veita stjórnvöldum og ráðandi stéttum aðhald, upplýsa almenning um það sem að gerist í heiminum á hverjum tíma og sinna því sem að kallað hefur verið „upplýsingahlutverk“ þeirra. Flestir treysta á að fjölmiðlar veiti þeim upplýsingar um málefni líðandi stundar, bæði það sem gerist heima fyrir og erlendis. Þannig má til sanns vegar færa ef fjölmiðill veitir ekki réttar upplýsingar eða gefur ítrekað ranga mynd af aðstæðum, þá hafi almenningur ekki tækifæri til að mynda sér réttmætar skoðanir, þar sem að upplýsingarnar eru einfaldlega ekki fyrir hendi. Elizabeth Bird hefur bent á að nú til dags leiki fjölmiðlar sífellt stærra og mikilvægara hlutverk. Þeir sjá um að skemmta okkur, fræða okkur og móta sýn okkar á heiminn. Þrátt fyrir að við „lærum“ menningu okkar í skólanum, af fjölskyldum okkar og í stofnunum, svo sem kirkjum og á öðrum sambærilegum stöðum, þá leika fjölmiðlar einnig mjög stórt hlutverk í því samhengi (Bird, 2007:131). Elizabeth Poole bendir á að fjölmiðlar hafi mikilvægu hlutverki að gegna, þar sem þeir skapi að mörgu leyti pólitískt vald og bendir hún til dæmis á umfjöllun um hernað og stríðsrekstur því til stuðnings. Þegar lýst var yfir „stríði gegn hryðjuverkum“, eins og nánar verður fjallað um í næsta kafla, tóku fjölmiðlar þátt í að styðja og jafnvel búa til samhengi þar sem hernaður varð bæði viðbúinn og samþykktur sem lausn á vandamálinu sem skapaðist þegar hryðjuverkaárásirnar á Tvíbura-turnana voru gerðar. Með því að kynna stríðið gegn hryðjuverkum sem lausn á þessu vandamáli fengu ráðamenn umboð til aðgerðanna sem þeir fóru í síðla árs 2001 (2002:3).

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að ímyndir minnihlutahópa sem birtast í fjölmiðlum hafa áhrif á skoðanir almennings á þeim hópi sem og tilfinningar almennings til viðkomandi hóps. Þannig getur það að sjá neikvæða staðalímynd af ákveðnum minnihlutahópi í fjölmiðlum, þó ekki sé nema í eitt skipti, haft áhrif á álit almennings í hinu raunverulega lífi.

Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að þeir sem að nýta sér fjölmiðla, svo sem sjónvarp, oft og mikið, hafa oftast hugmyndir um minnihluta hópa sem samsvara staðalímyndum af þeim sem birtast í fjölmiðlum (Mastro, 2009:333-335). Mastro hefur einnig bent á að taka þurfi staðalímyndir minnihlutahópa í fjölmiðlum föstum tókum, enda hafi verið sýnt fram á að slíkt hafi mikil áhrif á viðtakendur. Því þurfi að taka á þeim málum með hnitmiðuðum aðgerðum líkt og gert hefur verið með kynlíf og ofbeldi í samskonar miðlum (2009:337). Staðalímyndir sem birtast í fjölmiðlum magna upp okkar eigin staðalímyndir og því gegna þær staðalímyndir sem birtast í fjölmiðlum mikilvægu hlutverki í þeirri félagslegu sundrung sem býr til hatur, ofbeldi og misskilning (Lester & Ross. 2003:3).

Poole hefur einnig bent á að fréttáflutningur er samofinn valdatengslum og valdi mismundi einstaklinga og hópa, sem standa bæði innan og utan starfsgreinarinnar. Fjölmiðlar sem reknir eru af gróðasjónarmiðum þurfa að hámarka gróða með því að draga að stóra og vel skilgreinda lesenda- og áhorfendahópa. Þegar litið er á heildarmyndina þarf því að skoða eignarhald fjölmiðilsins og það félagslega og fjárhagslega samhengi sem hann starfar í. Einnig þarf að hugleiða hvernig valið er hvaða fréttir eru birtar, þ.e.a.s. að hafa þarf í huga að einhver ákveður hvað telst vera frétt og hvað ekki. Slíkt val er lesendum eða neytendum að mestu leyti hulið og virðist sem þeir samþykki viðteknar reglur og venjur sem byggja á einhverri kunnáttu eða þekkingu sem sjálfsagðri og réttmætri, frekar en hluta af einhverjum stærri pólitískum eða félagslegum ferlum (Poole, 2002:52-53). Því er vert að hafa í huga að umfjöllunin sem birtist í fréttamiðlum segir ekki allt, hún hefur verið valin af einhverjum til að birtast þar og sá aðili hefur einhverra hagsmuna að gæta, eða gætir hagsmuna annarra aðila. Það gæti því jafnvel gefið betri upplýsingar að skoða hvaða fréttir eru ekki birtar í einstökum almennum fjölmiðlum og hugleiða hvers vegna þær birust ekki þar

Fjölmiðlar hafa hagsmuna að gæta, þeir eru fyrirtæki í eigu einhvers sem hefur einnig hagsmuna að gæta. Verandi fyrirtæki þurfa fjölmiðlar einnig að hugsa um efnahagslega hagsmuni sína og það hefur sýnt sig að „sjokkerandi“ eða stuðandi fréttir selja fleiri blöð heldur en fréttir af daglegu lífi í kyrrð og ró. Með nútíma fjölmiðlun er auðvelt að koma upplýsingum á framfæri þar sem gott aðgengi er að þeim flestum í hinum vestræna heimi. Paul Durrenberger og Susan Erem hafa bent á að eitt af hlutverkum fjölmiðla sé að nota svokallað þvertal (e. doublespeak), hugtak sem þau fengu lánað frá rithöfundinum George Orwell. Þvertal er hluti af samfélagi okkar og orðræðu að mörgu leyti en hugtakið á við um þegar merkingu orða hefur verið snúið við eða breytt til þess að fela eða hylja raunverulega merkingu þeirra. Sem dæmi um það má nefna „Varnarmálaráðuneytið“ sem í flestum löndum ætti frekar að heita „Stríðsmálaráðuneytið“, þar sem hlutverk þess er frekar að heyja stríð en

að sjá um varnir landsins. Fjölmiðlar nota þvertal í dag til þess að sannfæra fólk um að það hafi sömu hagsmuna að gæta og aðrir í landinu, það séu allir á sama báti og óvinurinn sé annars staðar, séu aðrir sem komi frá öðru landi. Eitt sinn voru þetta Sovétmenn en nú eru þeir íslamskir hryðjuverkamenn. Slíkur málflutningur eflir þjóðerniskennd meðal almennings og festir þar með ríkið og ríkjandi ástand í sessi (Durrenberger & Erem, 2007:130-131). Thomas Hylland Eriksen (2010) hefur einnig bent á að fjölmiðlar hafi alltaf gegnt og gegni enn mjög mikilvægu hlutverki í þessu samhengi því þeir staðla þær birtingarmyndir og tungumál sem notað er. Fjölmiðlar styrkja einnig og viðhalda þjóðernislegum tilfinningum, þar sem hlutunum er stillt upp sem svart/hvítum, þar sem hið góða etur kappi við það slæma eða vonda (Eriksen, 2010:127). Auðvelt er að tengja þetta við umfjöllun fjölmiðla um múslima en þar á sér einatt stað mikil öðrun (e. othering) og múslimar og íslam erlendis, þ.e.a.s. fyrir utan hinn vestræna heim, fá mun meiri umfjöllun en þeir sem eru fyrir heima (Poole, 2002:57). Með því er aukið á aðgreininguna og tvískiptinguna, málefni verða svart/hvít og skilin milli „þeirra“ og „okkar“ verða skarpari.

Margir fá upplýsingar sínar um íslam og múslima úr fjölmiðlum, til dæmis sýndi bresk könnun að allt að 66% Breta fengu bróðurpart, ef ekki allar, upplýsingar sínar og vitneskju um íslam og múslima úr fjölmiðlum (Commission on British Muslims and Islamophobia, 2004:65). Rannsóknir Elizabeth Poole styðja einnig þá niðurstöðu en samkvæmt niðurstöðum hennar fá þeir Bretar sem ekki eru múslimar mest allar sínar upplýsingar um múslima og íslam í gegnum fjölmiðla (2002:240). Því bera fjölmiðlar mikla ábyrgð og þurfa að hafa það í huga þegar þeir fjalla um málefni tengd múslimum og íslam. Gæta verður jafnræðis og jafnvægis í fréttaflutningi og forðast verður alhæfingar og umfjöllun um múslima sem einhverskonar einsleitan hóp fólks. Rannsóknir sýna að allt að fjórðungur Breta hefur fjandsamlegt viðhorf til múslima (Neer & Modood, 2009:337) og þegar það er sett í samhengi við hversu stór hluti Breta fær allar sínar upplýsingar um íslam eða múslima úr fjölmiðlum, er vel hægt að setja spurningarmerki við hvort að fjölmiðlar sinni upplýsingahlutverki sínu nægilega vel

Fjölmiðlar hafa oft fjallað um málefni tengd múslimum í æsifréttastíl og mátti vel sjá þetta eftir 11. september. Breskir fjölmiðlar hafa til dæmis ítrekað veitt tveimur ofstækis- og öfgafullum bókstafstrúarmönnum, Omar Bakri Muhammed og Abu Hamza, viðtöl þegar að málefni tengd múslimum og íslam eru í sviðsljósinu. Skoðanir þeirra hafa fengið mikið svigrúm í fjölmiðlum og hafa þeir og þeirra skoðanir jafnvel verið kynntar sem einhvers konar almennar skoðanir múslima í landinu, þrátt fyrir mikil andmæli annarra enskra múslima. Þeir hafa bent á að það séu meira en 800 moskur í landinu en aðeins ein, það er sú moska sem

Omar Bakri Muhammed starfar í og er ein sú öfgafyllsta á landinu, fái umfjöllun og pláss í fjölmiðlum (Comission on British Muslims and Islamophobia, 2004:66-67). Poole hefur einnig bent á þessa þróun mála en samkvæmt henni tala fjölmiðlar frekar við öfgafulla einstaklinga og hópa, sem halda því jafnvel fram að þeir séu einhverskonar málsvari hópsins í heild, þrátt fyrir mikil mótmæli annarra múslima (Poole, 2002:45). Leiða má líkur að því að slíkur málflutningur tengist einnig því að stuðandi fréttir seljast betur og fá meiri umfjöllun meðal almennings og því sé fjáhagslega hagkvæmara fyrir fjölmiðla að fjalla um og ræða við ofstækis- og öfgamenn.

Það hefur einnig vakið athygli að þegar að fjallað er um mál sem að tengjast múslimum á einhvern hátt, er trú þeirra yfirleitt dregin fram, þrátt fyrir að hún komi viðkomandi málefni ekkert við. Þetta á yfirleitt ekki við þegar að fjallað er um aðra trúarhópa. Sem dæmi um slíkt er umfjöllun *The Sun* um morð sem að framið var í Belgíu. Í fyrirsögninni var tekið fram að einstaklingurinn sem grunaður var um morðið væri hælisleitandi sem væri í felum í Englandi og í greininni sjálfri er svo tekið fram að maðurinn sé trúrækinn múslimi. Glæpurinn sjálfur hafði engin trúarleg tengsl eða ástæður og erfitt er að sjá fram á að trúarskoðanir annarra, hefði glæpamaðurinn til dæmis reynst vera kristinn, hefðu verið teknar fram í þessu samhengi (Commission on British Muslims and Islamophobia, 2004:67-68).

Það hlýtur að hafa neikvæð áhrif að þekktir öfgamenn hafi nánast ótakmarkað aðgengi að fjölmiðlum og fái að svara fyrir alla múslima, þrátt fyrir að vitað sé að þeir hafi aðrar skoðanir en meirihlutinn. Það sama mætti segja um þegar frétttaflutningur af hópnum er nánast alfarið neikvæður. Þannig umfjöllun hlýtur að kynda undir íslamsfóbíu og virðast gögn styðja það álit. Í skýrslu sem „Nefnd um málefni breskra múslima og íslamsfóbíu“ (e. Commission on British Muslims and Islamophobia) gaf út er bent á að ýtt sé undir íslamsfóbíu eða hún ýkt eða gerð verri á ýmsan hátt og gegna fjölmiðlar þar stóru hlutverki. Til dæmis er stór hluti flóttamanna og hælisleitanda í Bretlandi múslimar. Hælisleitendur og flóttamenn hafa fengið mjög neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum þar í landi, líkt og múslimar hafa fengið, og hafa orðin *flóttamenn, hælisleitendur, innflytjendur og múslimar* orðið að samheitum á einhvern hátt. Þau virðast öll hafa neikvæða tengingu og eru jafnvel dæmi um að þeim sé víxlað og skipt út í frétttaflutningi (2004:8).

Umfjöllun Edward Said í bókinni „Covering Islam: How the Media and the Experts Determine How We See the Rest of the World“ sem kom út árið 1981 endurspeglar á margan hátt þessar neikvæðu birtingarmyndir múslima í vestrænum fjölmiðlum. Þegar árið 1981 hafði hann tekið eftir því að umfjöllun fjölmiðla um málefni tengd múslimum og íslam í Evrópu og Bandaríkjunum væri almennt neikvæð. Hann benti á að í umfjöllun fjölmiðla væri íslam



ítrekað dregið fram sem einhverskonar ógn við vestræna siðmenningu og að neikvæðar ímyndir íslam væru algengari en aðrar í fjölmiðlum, þrátt fyrir að þær ímyndir eða birtingarmyndir samsvöruðu ekki því sem íslam „væri“, heldur lýstu því frekar hvað ákveðnir hlutar samfélagsins teldu að það væri. Hann hélt því fram að þessi hlutar samfélagsins væru valdamiklir og hefðu rými til þess að halda úti þessari ímynd íslams og því yrði hún ríkjandi birtingarmynd íslam (Said, 1997:144)

Bókin „Reporting Islam: Media Representations of British Muslims“ eftir Elizabeth Poole kom út árið 2002 og líkt og nafnið gefur til kynna fjallar hún um birtingarmyndir íslam og múslima í breskum fjölmiðlum. Í henni eru mörg áhugaverð atriði, sem vert er að skoða þegar að rætt er um umfjöllun fjölmiðla um múslima. Höfundur bókarinnar greindi umræðu breskra fjölmiðla um múslima á tímabilinu 1994-1996 í tveimur breskum blöðum, *The Guardian* og *The Times* sem og í sunnudagsútgáfum þeirra blaða *The Observer* og *Sunday Times* en blöðin eru talin vera á sitthvorum væng stjórnmála; *The Guardian* á þeim vinstri og *The Times* á þeim hægri. Í blöðunum voru 6507 greinar sem fjölluðu um eða tengdust íslam og 12% þeirra, eða 837 voru um breska múslima en Poole telur það verða til þess að múslimar erlendis verði ofar í hugum fólks. Hún bendir einnig á það að í umfjöllun um breska múslima er ítrekað vitnað í heimsviðburði (e. world events) sem virðist styrkja þá hugmynd að múslimar séu alls staðar eins. Umfjöllun um alþjóðlega atburði í þessu samhengi virðist einskorðast við stríð og átök og getur það leitt til þess að andstaða og fjadsemi við íslam verði almenn og viðtekin í samfélaginu, þar sem neikvæðir atburðir eru í flestum tilfellum í sviðsljósinu (bls. 55-60). Í greiningu sinni á umfjöllun þessara fjölmiðla um íslam í Bretlandi bendir Poole á að ákveðin þemu megi finna í fjölmiðlaumfjöllun og að þau þemu megi greina sem:<sup>2</sup>

- Þátttöku múslima í frávíkshæðun sem að ógnar öryggi í Stóra-Bretlandi
- Múslimar eru ógnun við hin almennu bresku gildi og vekja þar af leiðandi upp spurningar um aðlögun eða samlögun.
- Það er eðlislægur menningarmunur á milli múslima og gestasamfélagsins sem orsakar spennu í samskiptum milli fólks eða hópa
- Sýnileiki múslima hefur aukist mikið í hinni opinberu vídd (e. Public sphere)

---

<sup>2</sup> Þessi tafla í heild sinni er tekin beint af blaðsíðu 84 úr bókinni “Reporting Islam: Media Representations of British Muslims” eftir Elizabeth Poole, þýðing er höfundar.

Þetta sýnir hvernig fjölmiðlar fjalla um íslam og efni því tengdu og hvað sú umfjöllun táknar. Til dæmis sýnir umræðan um málefni Salman Rushdie og málfrelsi þetta en hún hefur verið táknræn fyrir áhyggjur af aðlögun múslima að siðum og venjum í Bretlandi sem og þá ógn sem að stafar af alþjóðlegum múslimskum öflum. Það er ljóst að múslimar hafa aukin áhrif á almennt líf í Bretlandi og því væri hægt að álykta að íslam sé frekar fréttæmt vegna þess og að múslimar hafi öðlast sterkari rödd í samfélaginu. Þó virðist sem að öll umfjöllun um þessi málefni sé að mestu leyti í neikvæðri umgjörð. (Poole, 2002:84).

Þrátt fyrir að það séu fleiri en eitt umfjöllunarefni sem tengast íslam í Bretlandi og fá umfjöllun í fjölmiðlum, þá virðist inntak þeirra eða meiningar vera takmarkaðar og þær meiningar eða það inntak virðist einnig oftast beinast að neikvæðum þætti eða afleiðingum íslam í Bretlandi. Eins og bent var á hér að ofan hafa múslimar öðlast sterkari rödd og virðist sem að þeir séu farnir að skilgreina eða aðgreina sjálfa sig í meira mæli en áður, bæði til þess að verja sig og til þess að búa til einhverskonar félagslegt auðkenni fyrir sig. Þetta hefur leitt til þess að þeir siðir og venjur sem greina múslima frá öðrum þegnum í landinu eru skilgreind sem frávik frá hinu eðlilega og eru þeirra menningarlegu hefðir túlkaðar sem vanþróaðar, íhaldssamar og fornfálegar. Trú þeirra og hefðir eru settar fram sem undarlegar í samanburði við menningu meirihlutans en menning og hefðir meirihlutans eru ekki véfengdar eða dregnar í efa, heldur er gengið út frá þeim sem gefnum (Poole, 2002:85).

Poole dregur þá ályktun að múslimar séu ekki óaðskiljanlegur hluti af bresku samfélagi. Mjög fáar „venjulegar“ fréttir eru birtar um múslima en Poole skilgreinir „venjulegar“ fréttir sem fréttir þar sem múslimi kemur við sögu og er skilgreindur sem slíkur en sú staðreynd að þeir séu múslimar skiptir litlu máli í fréttinni sjálfri, til dæmis þegar sagt er frá bilslysi (Poole, 2002:272). Íslam er afmarkað með örfáum umfjöllunarefnum og er sá rammi mjög þröngur sem það er skilgreint út frá. Fjölmiðlar hafa áhrif á það efni sem umræða almennings snýst um og skiptir heildarmyndin miklu máli í því samhengi. Þegar fréttamiðlar velja efni til umfjöllunar, ramma þeir inn þann félagslega veruleika sem lesendur búa við, búa til félagslega þýðingu þeirra og koma á framfæri ákveðinni leið til að sjá íslam í Bretlandi. Þeir búa til einhverskonar lýsingu á veröldinni sem á sér stað innan takmarkaðs félagslegs samhengis (Poole, 2002:100).

Poole bendir á að þrátt fyrir að bók Said um orientalisma hafi komið út áður en hið „pólítíska íslam“ varð til í þeirri mynd sem það er í dag, þá hafa kenningar hans haft mikil áhrif og þær verið endurvaktar og skoðaðar út frá nýju samhengi í tilefni af því. Orðræða orientalista hefur verið styrkt og endurvakin til þess að geta svarað og ráðið við þetta fyrirbæri

sem þessi nýja og sterkari birtingarmynd íslam er. Þjóðhverfar hugmyndir stjórna birtingarmyndum íslam og eru birtingarmyndirnar yfirleitt neikvæðar og smættaðar. Aðeins örfáar staðalímyndir eru í boði og er talað um múslima sem einsleitan hóp sem saman stendur af einstaklingum sem eru vanþróaðir, órökréttir, óbreytanlegir, ógnandi, stjórnandi og kvenhatandi ofsatrúarmenn. Þessir einstaklingar nota trú sín til að stjórna öðrum og ná fram persónulegum eða pólitískum markmiðum sínum. Þessar kenningar um nútímabirtingarmyndir íslam snúa þó aðallega að hugmyndum vestrænna manna um múslima sem búa í austrinu eða utan hins vestræna heims en ekki um hugmyndir manna um vestræna múslima, eða þá múslima sem að fæddir og uppaldir eru á Vesturlöndum (Poole, 2002:18-19).

Í Runnymede Trust skýrslunni sem gefin var út árið 1997 voru fordómar gagnvart múslimum skoðaðir. Íslamsfóbía var skilgreind sem óverðskulduð fjandsemi gagnvart íslam sem og þeim afleiðingum sem slík fjandsemi hefur til dæmis með mismunun gagnvart múslimum sem og útilokun múslima frá hlutum líkt og stjórnámálum og félagslegum málum (Runnymede Trust Commission On British Muslims and Islamophobia [Runnymede Trust], 1997:4). Í skýrslunni er greint frá því að orðið „Islamophobia“ sé notað vegna þess að sá raunveruleiki sem að við búum við í dag, þar sem fordómar gagnvart múslimum hafi aukist svo mikið á síðustu árum að það sé nauðsynlegt að viðurkenna það og gefa því nafn (Runnymede Trust, 1997:4). Í skýrslunni er farið yfir fordóma gagnvart múslimum og er umfjöllun fjölmiðla meðal annars skoðuð en hún virtist einblína á hluti eins og ofbeldi, kúgun kvenna sem og hversu „frumstæðir“ og afturhaldssamir múslimar væru. Flestar fréttirnar eru neikvæðar og birta múslima og menningu þeirra í neikvæðu ljósi. Í skýrslunni kemur vel í ljós að íslamsfóbía er stórt vandamál sem veldur höfundum áhyggjum og telja þeir að það þurfi aðgerða við til að stemma stigu við hatri á múslimum. Í skýrslunni er kallað eftir aðgerðum og tillögur að úrbótum settar fram. Það sem er ef til vill áhugaverðast við þessa skýrslu er að hún kom út árið 1997 og sama má segja um greiningu Poole en hún var gerð á efni sem kom út á milli 1994 og 1996. Málefni múslima og fordómar gegn þeim voru greinilega komin í slæman farveg þegar á þessum tíma og óhætt er að halda því fram að ástandið hafi einungis versnað síðan að skýrslan var gefin út og eiga árástirnar árið 2001 og umfjöllun fjölmiðla um þær og eftirmála þeirra líkast til stóran þátt í þeirri þróun og hraða hennar.

Eins og fram hefur komið er ítrekað fjallað um íslam eða múslima sem einhverskonar einsleita heild og lítið gert úr breytileika innan hópsins þrátt fyrir að mikill breytileiki sé á menningu og uppruna múslima í heiminum. Margsinnis er fjallað um íslam sem einsleit trúarbrögð, þrátt fyrir að íslam greinist í mörg trúfélög, svo sem súnníta eða sjíta, vahabíta eða ísmaelíta. Breytileiki innan trúarbragðanna sjálfra er því einnig mun meiri heldur en sú ímynd

er dregin er upp í fjölmiðlum gefur til kynna. Þannig er hópurinn afar fjölbreytilegur, af mismunandi menningar- og þjóðernishópum og skiptir sér í mismunandi fylkingar innan íslam. Því mætti halda fram að það sé jafn mikil einföldun að tala um múslima sem heild eins og að tala um kristna sem heild. Eini samnefnarinn eru grunnrúarbrögð og því er mikilvægt að alhæfa ekki um hópinn, ekki frekar en hægt er að setja meðlim íslensku þjóðkirkjunnar sem búsettur er á Reykjanesi undir sama hatt og meðlim öfgafulls baptistasöfnuðar í Suður- ríkjum Bandaríkjanna. Oftar virðist þó vera talað um múslima sem einhvers konar heild- stæðan og einsleitan hóp, dæmi um umfjöllun um múslima á slíkan hátt má finna í fjölmiðlum víðsvegar. Sem dæmi um slíkt má til dæmis taka grein sem var birt í Daily Express árið 1995 en þar segir „*Múslimar alls staðar haga sér með álíka villimennsku. Þeir afhöfða glæpamenn, grýta til dauða kvenkyns – og bara kvenkyns – einstaklinga sem drýgja hór, kasta sýru á andlit kvenna sem neita að ganga með chadar [sic], afmynda kynfæri ungra stúlkna og mis- þyrma dýrum við helgisiðahald*“ (Zebiri, 2008:30). Kate Zebiri sýnir einnig önnur dæmi úr fjölmiðlum þar sem fjallað er um íslam sem einsleita heild á neikvæðan hátt, þar sem því er haldið fram að trúarbrögðin sjálf séu herská, þau samþykki morð, bæði á börnum og sak- lausum konum og setja beina tengingu milli íslam sem einhvers konar einsleitrar heildar og árásanna þann 11. september 2001 (2008:31).

Nahid Kabir hefur einnig skoðað umfjöllun fjölmiðla um íslam og múslima en rannsóknir hans beinast að áströlskum fjölmiðlum. Þar er svipaða sögu að segja, neikvæðar birtingarmyndir sem gefa í skyn að hægt sé að fjalla um múslima sem einsleitan hóp. Þar virðast staðalímyndir múslima vera móðursýki, eðlislægt ofbeldi og frumstæð framkoma. Kabir heldur því fram að þetta sé annað hvort gert til þess að ýta múslimum út á jaðar samfélagsins og auðvelda þannig öðrun þeirra í skiptingunni milli austurs og vesturs eða vegna fjárhagslegs ávinnings en fréttir og greinar í æsifréttastíl auka sölu dagblaða (2006: 313). Fjölmiðlaumfjöllun um múslima í Ástralíu er að mörgu leyti neikvæð og byggir og elur á neikvæðum staðalímyndum og ekki er jafnvægi í neikvæðri og jákvæðri umfjöllun um múslima og íslam í fjölmiðlum landsins. Mörgum af þeim múslimum sem í landinu búa finnst þessi neikvæða fjölmiðlaumfjöllun smita frá sér úti umhverfið og gera það að verkum að þeir eigi erfiðara uppdráttar í samfélaginu og þá sérstaklega á vinnumarkaðinum. Tölur frá áströlsku hagstofunni virðast styðja þetta en atvinnuleysi meðal ástralskra múslima var 25% á meðan það var 9% á landsvísu árið 1996. Reyndar fór það niður í 18.5% árið 2001, á meðan atvinnuleysi á landsvísu var 6.8% – þrátt fyrir það var atvinnuleysi á meðal múslima nærri þrisvar sinnum hærra en landsmeðaltal (Kabir, 2006:313).

Said hélt því fram að orientalism væri hugarfar þar sem að aðgreining milli austursins

og vestursins væri skýr og að sú aðgreining fæli í sér að vestrið væri á einhvern hátt æðra en austrið. Fræðilegt efni um austrið, gefið út af vestrænum fræðimönnum, festir þessa aðgreiningu í sessi en slíkt efni hefur orsakað ákveðna vestræna og þjóðhverfa orðræðu um austrið sem hefur viðhaldið miskiptingu valds í samskiptum austursins og vestursins. Orðræðan hefur svo í raun orðið svo almenn og normalíseruð (e. normalized) að ákveðið sannleiksgildi hefur skapast í kjölfarið (Poole, 2002:29). Fjölmiðlar eiga ef til vill stærri þátt en fræðimenn í þessu samhengi, í dag, þrátt fyrir að kenningar Said byggja að miklu leyti á fræðilegum skrifum. Fjölmiðlaumhverfi hefur breyst mikið á undanförunum árum. Aðgangur að fréttum og umfjöllun fjölmiðla, sérstaklega vestrænna miðla, er orðinn mun betri, þar sem að hægt er að nálgast efni frá mörgum löndun á netinu. Fjölmiðlar viðhalda orðræðunni og skapa eða þróa jafnvel nýja orðræðu og því gegna þeir stóru hluverki í þessu samhengi og þar af leiðandi í framleiðslu þess hvað er satt og hvað ekki í hugum almennings. Þegar umfjöllun fjölmiðla um ákveðinn hóp er mjög neikvæð, sama hvort að sú umfjöllun á rétt á sér eður ei, er hætta á að ímynd þess hóps breytist út á við og að almenningsálitið verði neikvæðara.

Fréttamiðlar og dagblöð eru þó ekki einu miðlarnir sem hafa áhrif á ímynd múslima og íslam út á við. Afþreyingarform ýmiskonar, svo sem sjónvarpsþættir og kvikmyndir hafa einnig mikil áhrif og þar er kannski mest hallað á múslima og íslam. Í kvikmyndum sem sýndar eru víðsvegar í hinum vestræna heimi má oft sjá múslima og íslam í hlutverki hryðjuverkamanna og manna sem eru í einhvers konar heilögu stríði gegn hinum vestræna heimi. Bent hefur verið á að kvikmyndir eru ekki einungis afþreying heldur móti þær, eins og aðrar menningarafurðir, smekk, skilning og skoðanir almennings (Sardar og Davies, 2010:249). Í gegnum tíðina hafa múslimar ítrekað verið í hlutverki óvinarins í kvikmyndum eða að lönd þar sem að múslimar eru í meirihluta hafa verið notuð sem sögusvið og þar eru þau oft á tíðum sýnd sem ósiðmenntuð og villimannsleg (Sardar & Davies, 2010:245). Staðalímyndir eru algengar í afþreyingarefni, og á það ekki bara við um neikvæðar staðalímyndir um múslima, heldur má finna slíkar staðalímyndir um flesta hópa, konur, karla, Bandaríkjamenn af afrískum uppruna og svo mætti áfram telja. Bent hefur verið að á staðalímyndir eru notaðar í afþreyingarefni vegna þess að talið er að þær veiti því ákveðinn trúverðugleika. Ef flestir áhorfendur halda að ákveðinn hópur hagi sér á ákveðinn hátt, og frétttaflutningur, meðal annars, styður það, þá veiti það efninu ákveðinn trúverðugleika að nýta sér þær staðalímyndir, þar sem þær eru í samræmi við trú almennings, hvort sem það á sér stoðir í raunveruleikanum eða ekki (Linn, 2003:24).

Katherine Pratt Ewing hefur skoðað birtingarmyndir tyrkneskra múslima í þýskum fjölmiðlum og hefur hún svipaða sögu að segja. Bæði í fréttta- og afþreyingarmiðlum eru

múslimar, oftast karlmenn, dregnir upp sem ofbeldisfullir og afturhaldssamir og Þjóðverjar sýndir sem mannúðlegir og miskunnsamir, sérstaklega þegar að þeir „bjarga“ ungum múslimskum stúlkum af tyrkneskum uppruna undan alræðisvaldi og ofbeldi karlmanna í fjölskyldunni. Þýska ríkið hefur margsinnis fjármagnað gerð slíkra kvikmynda, þar sem þær birtingarmyndir sem taldar voru upp hér að framan eru í forgrunni (Pratt Ewing, 2008:185-186).

Fjölmiðlar hafa einnig verið uppteknari af múslimum í seinni tíð, sérstaklega eftir sprengjuárásirnar í London árið 2005 og eftir árásirnar í Bandaríkjunum 2001 og hafa þeir í kjölfarið fjallað meira um múslima og málefni þeim tengd. Myra Macdonald (2011) hefur skoðað umfjöllum í breskum fjölmiðlum um múslima þar í landi og bendir hún á að umfjöllun fjölmiðla í kjölfar þessara atburða hefur leitt til þess að ímynd múslima í bresku samfélagi hefur verið smættuð niður í einsleitan hóp sem hefur svo í heild sinni verið tengdur hryðjuverkum. Fræðimenn og rannsakendur viðurkenna þá staðreynd að samfélag breskra múslima er margþætt og ósamstætt og að innan þess sé ekki eining um hluti líkt og túlkun á íslam og trúaritum og að uppruni, pólitísk sjónarmið og menning séu margbreytileg. Þessi skoðun hefur þó ekki fengið hljómgrunn í almennum fjölmiðlum þar sem ítrekað er fjallað um breska múslima sem einsleita heild. Í staðinn fyrir að gera grein fyrir og nýta sér fjölbreytileikann innan hópsins til umfjöllunar, hafa fjölmiðlar annaðhvort fjallað um alla múslima í heiminum sem eina einsleita heild eða með einhverskonar tvíhyggju þar sem að andstæður líkt og “öfgamaður/hófsamur” og “aðskilnaðarsinni/samlagaður” birtast ítrekað og skipta múslimum í tvo hópa (Macdonald, 2011:413). Macdonald bendir einnig á að í bæði leiknum kvikmyndum sem og í heimildarmyndum er ekki gerður greinarmunur á múslimskum viðföngum eftir trúfélagi, uppruna, menningu eða félagslegri stöðu þeirra, einungis er fjallað um þá sem múslima með asískan bakgrunn (Macdonald, 2011:423). Þannig virðist það ekki skipta máli hvort að átt er við fréttamiðla, kvikmyndir eða heimildamyndir þegar að kemur að umfjöllun um múslima og birtingarmyndum þeirra í fjölmiðlum.

Bent hefur verið á að eftir árásirnar 11. september hafi fjölmiðlaumfjöllun um múslima aukist og þá sérstaklega þar sem neikvæðar staðalímyndir voru dregnar fram, sem og umfjöllun í æsifrættastíl. Þrátt fyrir það var umfjöllun um hópinn neikvæð áður en árásirnar voru gerðar og sýnir greining á ritmiðlum það ágætlega. Sem dæmi má nefna greiningu sem gerð var á fyrirsögnum í fjölmiðlum sem komu út á árunum 1956 og 1997. Þar kom greinilega í ljós að bandarískir fjölmiðlar fjölluðu á mun neikvæðari hátt um múslima og araba heldur en að þeir fjölluðu um Ísraela og íbúa Vestur-Evrópu (Sheridan 2006:320). Kabir bendir einnig á að fjölmiðlar hafi einblínt sérstaklega mikið á íslam og múslima síðan 11. september 2001.

Þrátt fyrir að það hafi verið algengt að dregið væri fram hversu framandi menning og trú minnihlutahópa væri í fyrirsögnum, hefur það aukist eða viðhaldist hjá múslimum eftir 11. september. Fréttáflutningur var þó einhliða og neikvæður fyrir árásirnar, sem er í takt við aðrar heimildir sem dregnar hafa verið fram hér að framan (Kabir, 2006:313 -315).

Þegar að umfjöllunin er jafn neikvæð og raun ber vitni hlýtur hún að hafa neikvæð áhrif. Kai Hafez bendir á að hnattvæðing hafi líka ytri vídd, ekki bara þá innri og ef umfjöllun alþjóðlegra fjölmiðla hefur áhrif á alþjóðleg menningartengsl, þá hlýtur það sama að gilda á smærri skala – það hlýtur þá að hafa áhrif á samskipti minnihluta hópa og ráðandi menningar á umræddu svæði. Þegar fjölmiðlar halda á lofti einhvers konar neikvæðri staðalímynd um minnihlutahópa, svo sem innflytjendur eða múslima, þá getur það haft félagslegar afleiðingar. Umfjöllun fjölmiðla um múslima og málefni tengd þeim gæti því hjálpað til við að grafa undan fjölmenningsarsamfélaginu, til dæmis í Evrópu (Hafez, 2000:15). Því er ljóst að fjölmiðlar bera ábyrgð og umfjöllun þeirra getur jafnvel valdið því að íslamsfóbía eykst og að ímynd múslima og íslam versnar út á við og verður neikvæðari. Ábyrg fjölmiðlaumfjöllun ætti að sýna jafnræði og gæta þess að ekki sé hallað á einn hóp umfram aðra og að birtingarmyndir ákveðins hóps séu ekki allar neikvæðar þar sem að það getur haft mikil áhrif á afstöðu almennings til umrædds hóps.

Í næsta kafla mun ég taka dæmi sem sýna að fjandsamleg hegðun gegn múslimum er raunveruleg og að íslamsfóbía er raunverulegt vandamál. Margt bendir til þess að neikvæðar ímyndir og birtingarmyndir múslima séu algengari og sterkari eftir 11. september 2001. Ofbeldi gegn múslimum hefur aukist og almenn fjandsamleg og neikvæð hegðun gagnvart þeim hefur einnig aukist. Þó var ástandið ekki gott fyrir, einsog Runnymede skýrslan frá 1997 og skrif Said frá 1981 og 1978 sýna. Fjölmiðlar eru taldir gegna mjög stóru hlutverki í þessari þróun en þeir stjórna og skapa orðræðuna á margan hátt. Tvíhyggja virðist vera mjög ríkjandi í orðræðunni, þar sem að sífellt er verið að tala um „okkur“ – hið siðvædda og upplýsta vestur og „hina“ – hið ofbeldisfulla og afturhaldsama austur. Þessi tvískipting er einnig í samræmi við kenningar Edward Said um orientalisma, þar sem gagnger aðgreining er gerð á milli austurs og vesturs og umræðan um austrið er öll á forsendum vestursins. Orðræðan býr til ímynd af austrinu sem ofbeldisfullu, aftuhaldssömu og óupplýstu og setur það í samhengi við einhverja upphafna ímynd af vestrinu þar sem því er lýst sem upplýstu, menntuðu, siðvæddu og frjálslyndu.

#### 4 11. september 2001 og stríðið gegn hryðjuverkum - áhrif og eftirleikur.

Þann 11. september árið 2001 voru gerðar hryðjuverkaárásir á Tvíburaturnana (e. World Trade Center) sem og höfuðstöðvar varnamálaráðuneytis Bandaríkjanna, Pentagon. Í árásunum létust tæplega 3000 manns. Eftir hryðjuverkárásirnar jókst fjölmiðlaumfjöllum um múslima og málefni tengd þeim gífurlega. Hryðjuverkamaðurinn Osama Bin Laden og hryðjuverka samtökin al-Qaeda voru talin standa að baki árásunum og í kjölfarið réðst Bandaríkjaher ásamt öðrum svokölluðum viljugum þjóðum inni Írak og Afganistan. Hryðjuverkamennirnir sem rændu flugvélunum, stóðu að skipulagi árásanna eða tengdust þeim á einhvern hátt fóru hátt í allri fjölmiðlaumfjöllun og átökin í Írak og Afganistan og aðstæður þar gerðu það einnig. Þann 20. september sama ár lýsti George W. Bush svo yfir „stríði gegn hryðjuverkum“ (e. war on terror). Hann útskýrði að al-Qaeda stæði á bak við árásirnar sem áttu sér stað 9 dögum fyrr og sagði að stríðið gegn hryðjuverkum byrjaði á al-Qaeda en það endaði ekki fyrr en að allir hópar hryðjuverkamanna á heimsvísu hefðu verið upprættir (Bush, 2001).

Mikið var talað um „stríðið gegn hryðjuverkum“ í fjölmiðlum og virtist sú umfjöllun og í raun það stríð einungis beinast gegn hryðjuverkum sem framin voru af íslamistum eða múslimskum öfgamönnum. Orðræðan í kringum þessa atburði afhjúpaði sterka tvískiptingu en þar lá hinn siðmenntaði vestræni heimur undir árásum frá hinu hættulega og herskúa íslam. Oft var talað um frelsi og hvernig Vesturlönd stæðu vörð um það á meðan „hinir“, þ.e. íslam og hryðjuverkamennirnir, væru drifnir áfram af hatri á frelsinu „okkar“ (Kassimeris & Jackson, 2011:21).

Sú staðreynd að farið hafi verið í stríð gegn hryðjuverkum sem svo einungis beindist að íslam og múslimum getur vel vakið fólk til umhugsunar, þar sem skilgreiningin á hryðjuverkum, samkvæmt alfræðiritinu Britannica er „*kerfisbundin notkun ofbeldis til þess að kalla fram andrúmsloft þrungið ótta í ákveðnum hópi og koma þannig ákveðnum pólitískum markmiðum fram*“ ( Encyclopædia Britannica Inc., 2012) (þýðing úr ensku er höfundar). Samkvæmt þessari skilgreiningu eru til mun fleiri hryðjuverkahópar í heiminum heldur en íslamistar eða öfgafullir múslimar en þrátt fyrir það virtist „Stríðið gegn hryðjuverkum“ beinast nánast eingöngu að þeim hópi. Þetta er kannski sérstaklega áhugavert í ljósi skýrslu sem Europol, Lögreglustofnun Evrópusambandsins, gaf út árið 2011 og fjallar hún um þau hryðjuverk sem framin voru innan aðilarríkja ESB árið 2010. Þar kemur í ljós að 249 hryðjuverk voru framin það árið og þá er ekki gerður greinarmunur á því hvort að framkvæmdin hafi heppnast, miststekist eða hvort að hún hafi verið stöðvuð áður en að þau voru framin. Af



Þessum 249 hryðjuverkum voru 3 framin af íslamistum. Flest hryðjuverkin voru framin af aðskilnaðarsinum, eða alls 160 og áttu þau flest sér stað í Frakklandi eða á Spáni (Europol, 2011). Það er áhugavert að skoða þessar tölur í samhengi við „stríðið gegn hryðjuverkum“, sem beinist fyrst og fremst gegn íslam og múslimum en þessar tölur virðast ekki benda til þess að múslimar séu stærsta hryðjuverkaögn Evrópubúa. Þó verður að taka tillit til þess að þær aðgerðir er gerðar voru í nafni „stríðsins gegn hryðjuverkum“ voru flestar að undirlagi Bandaríkjamanna og þessar tölur ná eingöngu yfir hryðjuverk innan aðildardrjúka ESB en ekki í Ameríku.

Þegar að tölur um hryðjuverk eru skoðaðar í Bandaríkjunum má þó sjá svipaða þróun þar og í Evrópu. Bandaríska heimavarnastofnunin (e. Homeland Security) tók saman tölur um þróun hryðjuverka frá 1970 og fram til 2008. Þar greindi hún svo kallaða „hot spots“ eða þau svæði þar sem að hryðjuverk voru tíðari en á öðrum stöðum. Í Bandaríkjunum voru framin 2600 hryðjuverk á þessu tímabili en 1093 af þeim áttu sér stað á þessum svokölluðum „hot spots“ og eru þau tekin saman í töflu sem sýnir hvar þau áttu sér stað og ástæður sem gefnar voru fyrir því að þau voru framin. Af þessum 1093 hryðjuverkum áttu 14 sér trúarlegar ástæður. Flest voru framin af vinstri öfgamönnum, eða 364 og 320 voru framin af þjóðernis- eða aðskilnaðarsinum. Þau hryðjuverk sem framin voru af trúarlegum ástæðum eru ekki greind eftir trúarskoðunum (LaFree & Bersani., 2011:20-21). Þessi skýrsla inniheldur augljóslega ekki tæmandi upplýsingar, þar sem einungis um 40% þeirra hryðjuverka sem framin voru á tímabilinu voru greind eftir ástæðum en hún ætti þó að geta gefið einhverjar vísbendingar um stöðu mála.

Önnur skýrsla, sem að gefin var út af Ráði múslima um opinber málefni (e. Muslim Public Affairs Council) og fjallar um hryðjuverkastarfsemi eftir árásirnar sem áttu sér stað 11. september 2001, hefur dálítið aðra sögu að segja. Þar eru hryðjuverkaárásir aðgreindar í tvo flokka; í árásir sem gerðar eða skipulagðar hafa verið af múslimskum öfgamönnum og svo í árásir sem að gerðar hafa verið eða skipulagðar af öðrum. Á þessu tímabili voru 5 hryðjuverkaárásir framkvæmdar af einstaklingum sem skilgreindir voru sem múslimar en komið í veg fyrir 47 árásir sem skipulagðar voru, samtals létu 17 manns lífið (Beutel, 2012:11). Á sama tímabili voru framdar 43 hryðjuverkaárásir af einstaklingum sem ekki voru múslimar og komið í veg fyrir 73, í þessum árásum létu 64 einstaklingar lífið (Beutel, 2012:20).

Ef einungis eru skoðar þær árásir er náðist að framkvæma, þá framkvæmdu múslimskir einstaklingar 5 árásir á móti 43 árásum sem gerðar voru af einstaklingum sem ekki voru skilgreindir sem múslimar eða u.þ.b. 10% af heildar hryðjuverkaárásum. Ef allar árásir eru taldar saman, þ.e. þær sem er komið var í veg fyrir líka, þá gerðu múslimskir

einstaklingar 52 árásir en aðrir einstaklingar 119 árásir, einstaklingar sem voru skilgreindir sem múslimar gerðu þá um 43% árása. 17 manns létu lífið í árásum sem gerðar voru af múslimskum einstaklingum en 64 í árásum annarra, þannig voru 20% fórnarlamba myrt af aðilum sem skilgreindir voru sem múslimar. Þrátt fyrir að múslimskir einstaklingar fremji hlutfallslega fleiri hryðjuverk í Bandaríkjunum, samkvæmt þessum tölum, heldur en þeir gera í Evrópu, þá fremja þeir samt færri hryðjuverk heldur en aðrir hópar. Því er hægt að efast um réttmæti þeirra tengingar sem oft er gerð á milli múslima og hryðjuverka. Þessar tölur sýna að borgurum á Vesturlöndum stafar ekki mest hætta af hryðjuverkum sem framin eru af einstaklingum sem skilgreindir eru sem múslimar, heldur eru önnur öfl, svo sem aðskilnaðarsinnar og öfgamenn af vinstri væng stjórnmalanna mun hættulegri.

Ekki er ætlunin að gera lítið úr hryðjuverkaárásunum sem að gerðar voru 11. september 2001 en þó verður að halda því til haga að þeir sem sakfelldir voru fyrir þær voru ofstækis- og öfgamenn og eru þeir einungis brotabrot múslima í heimum. Árásirnar virðast hafa haft gífurleg áhrif á stöðu og ímynd múslima og þó var hún ekki góð fyrir, sérstaklega ekki hjá múslimskum innflytjendum í hinum vestræna heimi. Það er líka áhugavert að skoða skýrslu Ráðs múslima um opinber málefni þar sem fólki eða hryðjuverkamönnum virðist vera skipt í tvo hópa; múslima og svo alla hina sem ekki eru múslimar. Þetta má heimfæra á hugmyndir Said um tvískiptingu og aðgreiningu á milli austurs og vesturs. Þessi hugsunarháttur kom einnig fram í eftirleik 11. september þar sem þáverandi forseti Bandaríkjanna, George W. Bush hamraði ítrekað á þessari aðgreiningu, milli vestursins og hryðjuverkamannanna og á milli hins siðvædda heims og þess heims sem hryðjuverkmenn kæmu úr. Hann flutti ávarp um málefni Mið-Austurlanda í Hvíta húsinu í apríl 2002, rétt rúmu hálfu ári eftir árásirnar 11. september. Þar segir hann meðal annars: „*Síðan 11. september hef ég sent út þessi skilaboð: Allir þurfa að velja; Þú ert annaðhvort í liði með hinum siðmenntaða heimi, eða þú ert í liði með hryðjuverkamönnunum.*“ (Bush, 2002) (þýðing úr ensku er höfundar). Þarna verður þessi aðgreining eða tvískipting augljós og það sem meira er, það virðist sem hryðjuverkamennirnir séu ekki úr hinum siðmenntaða heimi og þá væri hægt að draga þá ályktun að Bush, sem var einn valda- og áhrifamesti maður heims á þessum tíma, teldi Mið-Austurlönd ekki vera hluta af hinum siðmenntaða heimi.

Eftir árásirnar 11. september bjóst EUMC við aukinni íslamsfóbíu og kom á fót kerfi sem skráði niður alla and-íslamska hegðun og virkni sem átti sér stað innan ESB og var tilkynnt. Í skýrslu sem kom út um mitt ár 2002 kom svo í ljós að múslimar í öllum ríkjum ESB sem og meðlimir annarra hópa sem taldir voru viðkvæmir eða berskjaldaðir höfðu fundið fyrir auknum fordómum og fjandskap gagnvart þeim. Virkni hægri öfgamanna og ný-

nasista jókst og einnig varð vart við aukna andúð í garð múslima. Á sama tíma varð aukning á and-íslömsku eða íslamsfóbísku efni, svo sem á internetinu, í netpóstum (e. e-mail) sem og í smáskilaboðum í farsíma. Einnig jukust hefðbundnari haturs-glæpir (e. hate crime) eins og símtöl með hótunum, skilaboð sem skilin voru eftir á bílum og nafnlaus bréf sent á heimili fólks, í moskur og í íslamskar menningarmiðstöðvar (Sheridan, 2006:318-319).

Múslimskar konur fundu mest fyrir auknum fordómum en það má líklega rekja til þess að auðveldara er að þekkja og greina þær frá öðrum vegna einkennandi klæðaburðar þar sem múslimskar konur klæðast gjarnan hijab eða chador klútum um höfuð sér. Einnig varð aukning í árásum á moskur og menningarsetur múslima en ráðist var á moskur með skemmdarverkum svo sem veggjakroti, íkveikjum og sprengjuárásum. Shikar, sem eru hluti af indverskum trúarsöfnuði, alls óskyldum íslam, fundu líka fyrir auknum fordómum og árásum í sinn garð. Það var rakið til klæðaburðar þeirra en þeir ganga oftast með einskonar túrban og er talið að það hafi minnt fólk á Osama Bin Laden, sem lá helst undir grun vegna árásanna 11. september en hann bar einatt slíkan höfuðbúnað (Sheridan, 2006:319). Í könnun sem að gerð var á meðal múslima í tveimur enskum borgum, Leicester og Stoke-on-Trent síðla árs 2002 kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti eða 82.6% svarenda taldi að kynþáttahatur og mismunun vegna trúarskoðanna hefði aukist eftir 11. september 2001 (Sheridan, 2006:324).

Í skýrslu um íslamsfóbíu í Bretalandi sem kom út árið 2004 kemur skýrt í ljós að múslimar í Englandi telja sig búa við lakari kjör eftir 11. september. Dæmi eru um að lögregla hafi beitt ofbeldi og framkvæmt ólöglegar handtökur og hæðst að trúarskoðunum múslima sem hlut áttu að máli. Á tólf mánaða tímabili eftir 11. september voru 500 múslimar handteknir, 77 af þeim voru kærðir fyrir eitthvað og aðeins 2 sakfelldir (bls. 37). Múslimaráð Bretlands (e. Muslim council of Britain) fékk einnig mörg hatursbréf eftir árásirnar þar sem múslimum var lýst sem skítugum sjúkdómi sem herjaði á England, því lýst yfir að „þeir“ ætluðu að drepa alla múslima og að íslam ætti eftir að brenna í eldi bandarískra sprengna. Múslimum var líkt við dýr, fólk lýsti yfir eindregnum stuðningi við Ísrael og bréfritarar lýstu einnig yfir þeirri von sinni að Bandaríkjamenn dræpu mörg múslimsk börn og konur, þau væru ekkert nema ómennsk viðrini (bls. 10). Blaðamenn í breskum blöðum lýstu því einnig yfir að íslam væri ógn við hina evrópska upplýsingu, að hinir austrænu (e. the orientals) lifðu á ránum og eyðileggingu meðan að vestrið væri siðvætt, skapandi og frjósamt. Þeir töluðu einnig um að vestrænir menn þyrftu að vera vakandi gagnvart íslam þar sem það væri varhugavert og að trúin sjálf væri allt öðruvísi en önnur stór bókstafstrúarbrögð (bls. 11). Frægt er þegar að Ann Coulter, sem er umdeild hægrisinnuð bandarísk fjölmiðlakona, sagði í National Review stuttu eftir árásirnar 2001, að „við ættum að ráðast inni þeirra lönd, drepa

*leiðtoga þeirra og snúa þeim til kristinar trúar*“ (Commission on British Muslims and Islamophobia, 12:2004) (Þýðing úr ensku er höfundar). Einnig hefur verið bent á að í umfjöllunni eftir 11. september hafi verið lögð mikil áhersla á að fjalla á persónulegan hátt um fórnarlömb árásanna. Umfjöllunin um þau hafi verið mjög tilfinningarík og mannleg og þar hafi verið hægt að samsama sig fórnarlömbunum og hugsa um þau sem „ein af okkur“. Þegar fjallað var um ættbálka í Afganistan var hinsvegar fjallað um þá sem stríðandi flokksbrot frumstæðra villimanna og reynt að draga úr manngleika þeirra (e. dehumanize). Aðeins einn maður fékk persónulega umfjöllun og það var Osama bin Laden. Poole bendir líka á að það mikla magn efnis sem skrifað hefur verið um Osama bin Laden segi líklegast meira menningar-pólítíska samhengið sem umfjöllunin átti sér stað í, frekar en um hann persónulega (Elizabeth Poole, 2002: 4).

Ljóst er að staða múslima í hinum vestræna heimi var ekki góð fyrir árásirnar og umfjöllun fjölmiðla um múslima, íslam og málefni þeim tengd var að mestu leyti neikvæð. Hryðjuverkaárásinar árið 2001 gerðu illt verra og hafa rannsóknir, svo sem þær sem vitnað er í hér að framan, sýnt að staða múslima sem búsettir eru í hinum vestræna heimi hefur versnað eftir árásirnar. Frétttaflutningur af hryðjuverkaárásunum sem og stríðinu gegn hryðjuverkum hefur líklega ekki bætt úr skák. Greinar skrifaðar í fjölmiðla og málflutningur fréttamanna eins og vísað er í hér að framan hefur líkast til einnig haft áhrif. Þar verður aðgreiningin á milli austurs og vesturs augljós og sú orðræða, sem Said vitnaði í, er greinileg. Enn og aftur er talað um vestrið sem skapandi, mannúðlegt og lýðræðislegt meðan að austrið er talið vera eyðileggjandi og ósiðmenntað. Neikvæðar staðalímyndir um múslima og íslam eru dregnar fram og þær notaðar í málflutningi vestrænna fjölmiðla. Í ljósi þess upplýsingarhlutverks sem fjölmiðlar gegna má leiða líkur að því að svo einhliða og neikvæður málflutningur geti haft mikil áhrif á afstöðu almennings til ákveðinna hluta eða hópa. Það er vel hægt að færa rök fyrir því að málflutningur vestrænna fjölmiðla hafi haft mikil áhrif á afstöðu almennings til múslima og íslam. Þó hafa atburðir, líkt og hryðjuverkaárásirnar sem áttu sér stað 11. september 2001 líkast til haft mikil áhrif á almenningsálitið en frétttaflutningurinn sem fylgdi í kjölfarið hefur ekki bætt úr skák.

## Lokaorð

Oft hefur verið sagt að heimsmyndin hafi breyst eftir 11. september 2001 og það má að mörgu leyti til sanns vegar færa. Eftirmálar árásanna eru meðal annars tvær innrásir vestrænna ríkja og þau átök og mannfall sem að fylgdu í kjölfarið. Rannsóknir sýna að hlutskipti múslima hefur versnað umtalsvert síðan þá, múslimar finna meira fyrir fordómum, ráðist hefur verið á þá með ókvæðisorðum og ofbeldi og þeir finna meira fyrir mismunun vegna trúarskoðanna sinna og uppruna. Búist var við aukningu í íslamsfóbískri hegðun í kjölfar árásanna og hafa þær spár ræst. En ekki hægt að segja að íslamsfóbía eigi uppruna sinn í þessum atburðum. Runnymede skýrslan um íslamsfóbíu kom til að mynda út árið 1997 og var þá þegar viðurkennt að um vandamál væri að ræða sem þarfnaðist mótvægisáðgerða.

Edward Said gaf fyrst út bók sína um orientalisma árið 1978 og hefur hún verið endurútgefin með bæði nýjum formála og eftirmála. Hann bendir á þá tvíhyggju sem má finna í samskiptum vestursins við austrið, bæði í beinum samskiptum sem og í allri umfjöllun vestrænna fræðimanna og annarra um austrið. Tvíhyggjan og aðgreiningin er augljós enn þann dag í dag og hefur ef eitthvað er orðið skýrari og greinilegri. Á einhvern hátt virðist vera ásættanlegt að fjalla um múslima sem einsleitan og heildstæðan hóp og eru örfáir öfga-sinnaðar einstaklingar, dregnir fram sem tákngerving fyrir hópinn í heild sinni. Ekki er tekið tillit til fjölbreytileikans sem finna má meðal múslima, þrátt fyrir að þeir eigi rætur að rekja til margra mismunandi landa og menningarheima og tilheyra mismunandi trúarhópum innan íslam. Birtingarmyndir múslima í fjölmiðlum eru fábreytilegar miðað við þann fjölbreytileika sem finna má innan hópsins og hefur það vafalítið mótað skoðanir almennings.

Fjölmiðlar virðast ekki sinna upplýsingahlutverki sínu þegar kemur að málefnum múslima en mikill meirihluti þeirra fréttu sem birtast af múslimum eru af atburðum eins og hryðjuverkum, morðum, kúgun kvenna, ofbeldi og einskonar afturhaldi eða vanþróun. Þegar fjallað er um múslima er trú þeirra dregin fram í sviðsljósið, jafnvel þó hún eigi engan þátt í þeim atburðum sem fjallað er um. Ímynd múslima í öðrum miðlum en fréttamiðlum virðist vera á svipuðum nótum en oft er lögð áhersla á neikvæða staðalímynd þeirra. Þar má finna afturhald, vanþróun, kúgun kvenna, árásargirni, ofbeldi og öfgafulla hegðun af einhverju tagi.

Neikvæðar fréttir sem hafa stuðandi áhrif virðast vera í meirihluta þegar að fjallað er um múslima og má það líklega að hluta til rekja til þess að slíkar fréttir eru söluvænni. Það virðist sem fjölmiðlar hafi vanrækt upplýsingahlutverk sitt þegar kemur að þessum málum en rannsóknir sýna að meirihluti almennings fær upplýsingar sínar úr fjölmiðlum. Þegar nánast öll umfjöllun um hópinn er á neikvæðum nótum og byggir á neikvæðum staðalímyndum má

gera ráð fyrir að fordómar í garð hópsins aukist, án þess að hann hafi gert nokkuð til þess að verðskulda það.

Íslamsfóbía er raunverulegt vandamál sem að bitnar á raunverulegu og venjulegu fólki. Ef umræðan breytist ekki og fjölmiðlar fara ekki að fjalla um málefni tengd múslimum og íslam af meiri hlutlægni og sanngirni verður íslamsfóbía viðvarandi vandamál sem mun lifa áfram í vestrænu samfélagi.

## Heimildaskrá

Encyclopædia Britannica Inc. (2012). "terrorism." *Encyclopædia Britannica*. Sótt 22. Janúar 2012 frá Encyclopædia Britannica Online Academic Edition: <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/588371/terrorism>

Abu-Lughod, L. (2002). Do Muslim Women Really Need Saving? Anthropological Reflections on Cultural Relativism and its Others. *American Anthropologist*, 104 (3), 783-790.

Abu-Lughod, L. (1998). Feminist Longings and the Postcolonial Conditions. Í L. Abu-Lughod, *Remaking Women: Feminism and Modernity in the Middle East* (bls. 3-32). Princeton: Princeton University Press.

Beutel, A. J. (2012). *Policy Report: Data on Post 9/11 Terrorism in the United States*. Washington, D.C.: Muslim Public Affairs Council.

Bird, E. (2007). Applying Visual Methods in Ethnographic Research. Í M. Angrosino, *Doing Cultural Anthropology: Projects for Ethnographic Data Collection* (bls. 129-138). Long Grove: Waveland Publishing.

Bunzl, M. (2005). Between anti-Semitism and Islamophobia: Some thoughts on the New Europe. *American Ethnologist*, 32 (4), 499-508.

Bush, G. W. (4. Apríl 2002). *Bush's Statement on the Middle East*. Sótt 23. Febrúar 2012 frá The New York Times: <http://www.nytimes.com/2002/04/04/international/04CND-TPRE.html?pagewanted=all>

Bush, G. W. (20. september 2001). *President Bush Addresses the Nation*. Sótt 28. mars 2012 frá The Washington Post: [http://www.washingtonpost.com/wp-srv/nation/specials/attacked/transcripts/bushaddress\\_092001.html](http://www.washingtonpost.com/wp-srv/nation/specials/attacked/transcripts/bushaddress_092001.html)

Commission on British Muslims and Islamophobia. (2004). *Islamophobia: Issues, Challenges and Action*. Stoke on Trent: Trentham Books Limited.

Durrenberger, E. P., & Erem, S. (2007). *Anthropology Unbound*. Boulder: Paradigm Publishers.

Elder-Vass, D. (2010). The Causal Power of Discourse. *Journal for the Theory of Social Behaviour* , 41 (2), 143-160.

Eriksen, T. H. (2010). *Ethnicity and Nationalism*. London: Pluto Press.

European Monitoring Centre on Racism and Xenophobia. (2006). *Muslims in the European Union - Discrimination and Islamophobia*. Vín: EUMC.

Europol. (2011). *TE-SAT 2011: EU Terrorism Situation and Trend Report*. Haag: European Police Office.

Ewing, K. P. (2008). Between Cinema and Social Work: Diasporic Turkish Women and the (Dis)Pleasures of Hybridity. Í J. X. Inda, & R. Rosaldo, *The Anthropology of Globalization: A Reader* (bls. 167-183). Malden: Blackwell Publishing.

Foucault, M. (2002 [1969]). *The Archaeology of Knowledge*. (M. Sheridan Smith þýddi). London: Routledge Classics.

Gottschalk, P., & Greenberg, G. (2008). *Islamophobia: Making Muslims the Enemy*. Lanham: Rowman & Littlefield Publishers, Inc.

Hafez, K. (2000). *The West and Islam in the Mass Media: Cornerstones for a New International Culture of Communication in the 21st Century*. ZEI Discussion Papers:2000, C 61.

Halliday, F. (1999). Islamophobia Reconsidered. *Ethnic and Racial Studies* , 22 (5), 892-902.

Inda, J. X., & Rosaldo, R. (2008). Tracking Global Flows. Í J. X. Inda, & R. Rosaldo, *The Anthropology of Globalization: A Reader* (bls. 3-46). Malden: Blackwell Publishing.

Janicki, W. (2010). Globalisation and Integrating European Societies: the Multicultural Versus liberal Concept. *Beyond Globalisation: Exploring the Limits of Globalisation in the Regional Context* (bls. 43-50). Ostrava: University of Ostrava.



Jaques, I. (2006). *Challenging Steriotypes in Europe and the Islamic World: Working Together for Constructive Policies and Partnerships: Report on Wilton Park Conference WPS06/27*. Wilton Park. Steyning: Wilton Park.

Kabir, N. (2006). Representation of Islam and Muslims in the Australian Media, 2001 - 2005. *Journal of Muslim Minority Affairs* , 26 (3), 313-328.

Kassimeris, G., & Jackson, L. (2011). The West, the Rest and the 'War on Terror': Representations of Muslims in Neoconservative Media Discourse. *Contemporary Politics* , 17 (1), 19-33.

Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í S. H. (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 237-248). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Kristín Loftsdóttir. (2003). Menning, trúarbrögð og hefðir: Kynjaðar orðræður um tvo þriðju hluta heimsins. (E. Sigurbjörnsson, Ritstj.) *Ritröð Guðfræðistofnunar - Studia theologica islandica* 18 , 75-89.

Kumar, D. (2010). Framing Islam: The Resurgence of Orientalism During the Bush II Era. *Journal of Communication Inquiry* , 34 (3), 254-277.

LaFree, G., & Bersani., B. (2011). "Hot Spots of Terrorism and Other Crimes in the United States, 1970 to 2008," *Final Report to Human Factors/Behavioral Sciences Division, Science and Technology Directorate, U.S. Department of Homeland Security*. College Park: START.

Lester, P., & Ross, S. (2003). Images that Injure: An Introduction. Í P. M. Lester, & S. D. (ritstjórar), *Images that Injure: Pictorial Stereotypes in the Media - Second Edition* (bls. 1-6). West Port: Praeger Publishers.

Linn, T. (2003). Media Methods That Lead to Stereotypes. Í P. Lester, & S. Ross, *Images That Injure: Pictorial Stereotypes in the Media* (bls. 23-29). West Port: Praeger Publishers.

Macdonald, M. (2011). British Muslims, memory and identity: Representations in British film and television documentary. *European Journal of Cultural Studies* , 14 (4), 411-427.

Mastro, D. (2009). Effects of Racial and Ethnic Stereotyping. Í J. Bryant, M. B. Oliver, & (ritstjórar), *Media Effects: Advances in Theory and Research - Third Edition* (bls. 325-341). New York: Routledge.

Meer, N., & Modood, T. (2009). Refutations of racism in the 'Muslim question'. *Patterns of Prejudice*, 43 (3-4), 335-354.

Pew Research Center's Forum on Religion & Public Life. (2009). *Mapping the Global Muslim Population: A Report on the Size and Distribution of the World's Muslim Population*. Washington, D.C.: Pew Research Center.

Poole, E. (2002). *Reporting Islam: Media Representations of British Muslims*. London: I.B. Tauris.

Said, E. (1997). *Covering Islam: How the Media and the Experts Determine How We See the Rest of the World*. London: Vintage Books.

Said, E. (2003). *Orientalism*. London: Penguin Books Ltd.

Samiei, M. (2010). Neo-Orientalism? The Relationship Between the West and Islam in our Globalised World. *Third World Quarterly* , 31 (7), 1145-1160.

Sardar, Z., & Davies, W. (2010). Freeze Framing Muslims: Hollywood and the Slideshow of Western Imagination. *Interventions* , 12 (2), 239-250.

Sheehi, S. (2011). *Islamophobia: The Ideological Campaign Against Muslims*. Atlanta: Clarity Press, Inc.

Sheridan, L. P. (2006). Islamophobia Pre- and Post-September 11th, 2001. *Journal of Interpersonal Violence* , 21 (3), 317-336.

The Runnymede Trust Commission on British Muslims and Islamophobia. (1997). *Islamophobia: A Challenge For Us All*. London: The Runnymede Trust.

Zebiri, K. (2008). The Redeployment of Orientalist Themes in Contemporary Islamophobia. *Studies in Contemporary Islam* , 10 (1-2), 4-44.